



# **„Ríki innan ríkis“**

Líf palestínskra flóttamanna í Líbanon

Úlfhildur Ólafsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**„Ríki innan ríkis“**  
***Líf palestínskra flóttamanna í Líbanon***

Úlfhildur Ólafsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði

Leiðbeinandi: Helga Þórólfsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Úlfhildur Ólafsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Í þessari ritgerð mun ég fjalla um hvernig pólitísk, efnahagsleg og félagsleg einangrun birtist í samfélagi palestínskra flóttamanna í Líbanon og hvernig þessi einangrun hefur haft áhrif á og skapað sjálfsmynd flóttamanna. Fjórar kynslóðir Palestínumanna hafa búið í landinu en afkomendur flóttamanna sem komu til Líbanon árið 1948 fæddust í flóttamannabúðunum í Líbanon og hafa aldrei stigið fæti inn í Palestínu. Þrátt fyrir það virðist Palestína vera eina heimalandið sem þessir afkomendur samsama sig við. Til þess að öðlast heildarsýn á stöðu Palestínumanna í Líbanon skoðaði ég hvernig pólitísk framganga í landinu hefur haft áhrif á flóttamennina, hvaða borgararéttinda þeir njóta og hvar sé skortur á þeim og hver sé félagsleg staða Palestínumanna innan almenns samfélags í Líbanon.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>2 Saga Palestínu</b> .....	<b>8</b>
<b>3 Flóttamenn í Líbanon</b> .....	<b>11</b>
3.1 Flóttamannabúðir UNRWA og samfélög Palestínumanna.....	11
3.2 Skráning flóttamanna.....	13
<b>4 Málefni Palestínumanna: pólitík &amp; borgaraleg réttindi</b> .....	<b>16</b>
4.1 Frelsissamtök Palestínu & borgarastyrjöldin í Líbanon 1975–90 .....	16
4.2 Réttindi flóttamanna .....	19
4.3 Menntun.....	22
4.4 Húsnæðismál & atvinna.....	23
4.5 Heilsa flóttamannanna .....	28
4.6 Ríki innan ríkis .....	29
<b>5 Heimsókn í Shatila-flóttamannabúðirnar</b> .....	<b>33</b>
<b>6 Niðurstöður</b> .....	<b>39</b>
<b>Heimildir:</b> .....	<b>42</b>

# 1 Inngangur

Palestína er umtöluð þjóð um allan heim, réttindabaráttan er þekkt og málstaðurinn virtur af mörgum. Hins vegar hefur umræðan um palestínska flóttamenn sem búa utan Palestínu oft farið utangarðs og ég hef því ákveðið að fjalla um málefni þeirra í þessari ritgerð. Málefni palestínskra flóttamanna eiga sér sérstæða og flókna sögu en um leið mjög mikilvæga. Það sem gerir þá ólíka öðrum flóttamönnum er að flestir þeirra vilja snúa til baka til heimalandsins. Þeir hafa þó hingað til ekki gert það; ekki vegna þess að þeir eigi á hættu að vera ofsóttir eins og er oft staðan hjá öðrum flóttamönnum, heldur er þeim meinaður aðgangur að landi sínu og heimilum í Palestínu og Ísrael. Stjórnvöld í Ísrael koma í veg fyrir að flóttamennirnir geti snúið til baka (Elsayed-Ali, 2006, 13).

Í fréttaumfjöllun um málefni Palestínu hefur lítið verið fjallað um þá Palestínumenn sem eru flóttamenn í dag og hafa verið seinustu áratugi. Í grein Soumaya Ghannoushi<sup>1</sup> „The Propagation of Neo-Orientalism” kemur fram að ójafnvægi er í frétttaflutningi af málefnum Palestínumanna og almennt fara fréttamenn á mis við mikilvægar staðreyndir. Ghannoushi segir að það sem vanti í umræðuna sé meðal annars sú staðreynd að yfir 418 palestínsk þorp voru eyðilögð í Palestínu árið 1948 og íbúar þeirra, sem skiptu hundruðum þúsunda, voru flæmdir burt. Ísrael var reist með valdi á 78% af landsvæði Palestínu og síðan 1967 hefur Ísrael tekið ólöglega yfir og stjórnað með hervaldi hinum 22% landsins. Síðast en ekki síst lifir meirihluti Palestínumanna, eða yfir átta milljónir manns, sem flóttamenn í dag (Ghannoushi, 2011).

Árið 1998 voru Palestínumenn víðsvegar um heiminn 9,3 milljónir. Þar af búa 40% þeirra í Ísrael og á hernumdum svæðum Palestínu (the Occupied Palestinian Territories, OPT) en hin 60% Palestínumanna, eða fimm milljónir, búa hins vegar annars staðar í heiminum. Talað er um díaspóru (e. *diaspora*) eða “dreifð þjóð” þegar átt er við þá Palestínumenn sem búa ekki í heimalandinu. Stærsti hluti díaspórunnar býr í nágrannaríkjunum, það er í Egyptalandi, Jórdaníu, Sýrlandi, Líbanon, Sádí-Arabíu og öðrum Persaflóaríkjum. Einnig búa Palestínumenn í Evrópu og Norður-Ameríku, þá sérstaklega í Bandaríkjunum. Þeir Palestínumenn sem búa í vestrænum

---

<sup>1</sup> Soumaya Ghannoushi er búsett í Bretlandi og á rætur sínar að rekja til Mið-Austurlanda. Ghannoushi er rannsakandi við SOAS (School of Oriental and African Studies) í London og sérhæfir sig í *history of ideas*. Síðustu ár hefur hún skrifað reglulega greinar fyrir The Guardian og Aljazeera English. Í greinum sínum fjallar hún um *European perceptions of Islam*.

ríkjum eru taldir mikilvægir fyrir díaspóruna því þeir styðja fjárhagslega við bakið á palestínskum flóttamönnum á hernumdu svæðum Palestínu og löndunum í kring (Ben-Sichou, Imad, Relleen-Evans & Robyns, 2008, 9).

Í þessari ritgerð mun ég skoða sérstaklega aðstæður palestínskra flóttamanna í Líbanon. Líbanon sker sig úr í samanburði við önnur lönd í Mið-Austurlöndum sem hýsa flóttamenn frá Palestínu því þar þurfa samfélög Palestínumanna að kljást við pólitíska, efnahagslega og félagslega einangrun. Þetta kemur fram í skýrslu J.C. Ben-Sichou, M. Imad, K. Relleen-Evans og A. Robyns starfsmanna ECHO (European Commission Humanitarian Aid Office) í Beirut, *The Status and Situation of Palestinian Refugees in Lebanon*. Ólíkt yfirvöldum í Jórdan og Sírlandi hafa yfirvöld í Líbanon komið í veg fyrir að Palestínumenn séu hluti af líbönsku þjóðfélagi. Þess vegna búa flestir flóttamennirnir enn í flóttamannabúðum eða í litlum samfélögum innan borga og bæja. Höfundar skýrslunnar komast að þeirri niðurstöðu að palestínskir flóttamenn í Líbanon búi við verstu lífskilyrðin þegar aðstæður eru bornar saman við lifnaðarhætti palestínskra flóttamanna í öðrum löndum Mið-Austurlanda (2008, 3).

Meirihluti Palestínumanna í Líbanon treystir algjörlega á Palestínuflóttamannaaðstoðina (United Nations Relief and Works Agency, UNRWA), frjáls félagasamtök (NGO's) og palestínska Rauða hálfmánann (Palestinian Red Crescent Society, PRCS), sem bjóða upp á menntun, heilsugæslu og félagslega aðstoð (Ben-Sichou o.fl., 2008, 3). Hér verður að hafa í huga að þar sem Palestínumenn eru samkvæmt líbanska kerfinu flokkaðir sem útlendingar eða ekki álitnir þegar landsins þurfa þeir að hlíta sömu lögum og aðrir erlendingar ríkisborgarar þrátt fyrir að flestir þeirra séu fæddir í Líbanon (Ben-Sichou o.fl., 2008, 3).

Í þessari ritgerð mun ég fjalla um hvernig pólitísk, efnahagsleg og félagsleg einangrun birtist í samfélagi palestínskra flóttamanna í Líbanon og hvernig þessi einangrun hefur haft áhrif á og skapað sjálfsmynd flóttamannanna. Fjórar kynslóðir Palestínumanna hafa búið í landinu en afkomendur flóttamanna sem komu til Líbanon árið 1948 fæddust í flóttamannabúðunum í Líbanon og hafa aldrei stigið fæti inn í Palestínu. Þrátt fyrir það virðist Palestína vera eina heimalandið sem þessir afkomendur samsama sig við. Til þess að öðlast heildarsýn á stöðu Palestínumanna í Líbanon skoðaði ég hvernig pólitísk framganga í landinu hefur haft áhrif á flóttamennina,

hvaða borgararéttinda þeir njóta og hvar sé skortur á þeim og hver sé félagsleg staða Palestínnumanna innan almenns samfélags í Líbanon. Þessi ritgerð er að mestu heimildarritgerð en ég gerði einnig stutta vettvangsrannsókn um miðjan janúar síðastliðinn í einum af flóttamannabúðum Palestínnumanna, Shatila, sem staðsett er í Beirut, Líbanon. Þessi heimsókn var góð og mjög gagnleg viðbót við þær heimildir sem ég hef viðað að mér síðustu tvö árin.



## 2 Saga Palestínu

Í þessum kafla mun ég fjalla um ástæðu fólksflutninga Palestínnumanna frá heimalandi sínu og hvernig áhrif það hafði á Palestínnumenn að þurfa að yfirgefa heimili sín og landsvæði.

Samfélög palestínkra flóttamanna í Mið- Austurlöndum, þar meðtalið í Líbanon, voru mynduð mestmegnis fyrir og stuttu eftir að Ísraels ríki var stofnað, í kjölfar fyrsta stríðsins milli Arabaríkjanna og Ísraels árið 1948. Samkvæmt Sameinuðu Þjóðunum (SP) og yfirvöldum í Bretlandi er talið að fjöldi þeirra sem flúðu eða voru reknir frá Palestínu sé á bilinu 726.000 til 810.000 og að 100.000 þeirra hafi farið til Líbanon, aðallega frá Galíleu og strandsvæðunum (Ben-Sichou o.fl., 2008, 6). Fleiri stríð milli Arabaríkjanna og Ísraels fylgdu í kjölfarið árin 1956 og 1967, sem gerðu það að verkum að fleiri flóttamenn flúðu Vesturbakkann og Gazaströndina, henumdu svæði Palestínu, í kjölfar átakanna og leituðu þeir hælis í Jórdaníu, Sírlandi og Líbanon. Þar að auki fylgdu nokkur þúsund fjölskyldur Frelsissamtökum Palestínu (Palestinian Liberation Organisation, PLO) þegar samtökin flúðu til Líbanon í kjölfar átaka á milli Frelsissamtakanna og jórdanska hersins árið 1970 (Ben-Sichou o.fl., 2008, 6). Samkvæmt upplýsingum frá Center for Palestine Studies í Columbia-háskólanum í Bandaríkjunum voru hundruð palestínkra bæja rýmd árin 1948 og 1967 af Ísraelsher Þessi bæir voru heimili Palestínnumanna sem í dag eru flóttamenn (Center for Palestine Studies, 2012).

Löngu fyrir 1948 voru uppi umræður meðal sionista (þjóðernissinnaðir gyðingar) um brotthvarf Palestínnumanna. Samkvæmt ísraelska sagnfræðingnum Ilan Pappé skiptir það ekki máli hvort til var áætlun um að úthýsa Palestínnumönnum heldur, segir hann að það sem skipti máli sé sionismi, þjóðernissinnuð hugmyndafræði sem hefur verið haldið á lofti meðal Ísraelsmanna. Hver sá sem aðhyllist stefnuna verður að gera allt sem í sínu valdi stendur til að viðhalda þjóðernissinnaðri hugmyndafræði sionismans, og eina leiðin til að uppfylla draum sionismans sé að útrýma frumbyggjum Palestínu (Rempel, 2006, 6).

„Þjóðernishreinsun“ átti sér stað í Palestínu og Ísrael tók enga ábyrgð á palestínsku flóttamönnum á meðan straumur gyðinga flutti til Ísrael frá löndum víðsvegar um heiminn (Bisharat, 2003).

Í bók blaðamannsins Robert Fisk<sup>2</sup>, *Pity the Nation*, segir höfundurinn frá því hvernig ameríski blaðamaðurinn I.F. Stone lýsir síðustu augnablikum sínum um borð í tyrkneska skipinu Akbel, sem flutti hundruð eftirlifandi fórnarlamba helfarar nasista til Haifa í Palestínu árið 1948. Mikil fagnaðarlæti voru um borð í skipinu þegar það nálgast land, fólk talaði um að það gæti séð Ísrael og söng þjóðarsöng gyðinga. Mikil gleði var í loftinu og fólk faðmaði hvort annað þegar skipið kom í höfn (1990, 17). Í bókinni segir Fisk einnig frá því hvernig pólitíski rithöfundurinn Ghassan Kanafani lýsir endurminningum sínum frá því að fjölskylda hans yfirgaf heimili sitt í Palestínu aðeins nokkrum mánuðum eftir að Akbel kom í höfn. Löng röð hestvagna flutti íbúa Palestínu til Líbanon „...leaving the land of oranges far behind and spreading out over the winding roads of Lebanon. Then I began to weep, howling with tears. As for our mother, she eyed the oranges silently...” (1990, 17–18).

Mikil sorg ríkti hjá þeim fjölskyldum sem yfirgáfu Palestínu. Fólk gætti þess að læsa útidyrhurðum sínum vel þegar það flúði burt og þeir sem höfðu tíma og getu tóku með sér lagaleg gögn, sem sýndu fram á eignarrétt þeirra á landi og hýbýlum sínum, kort af appelsínugörðum og ökrum, skattkort og skilríki sem sýndu fram á ættir þeirra allt aftur til Ottoman-veldisins. Þessi gögn ásamt skartgripum, ættargripum og húslyklum voru tekin með þegar fólk lagði á flóttu, því fólkið vonaði að heimilin yrðu ekki rænd og ef það kæmi til einhverra lagalegra deilna vegna eigna yrði það leyst fljótt með þeim gögnum sem það hafði í höndum (Fisk, 1990, 18).

Fisk lýsir því einnig þegar hann sá í fyrsta sinn lykila að heimili í Palestínu sem hafði verið yfirgefið árið 1948. Það var í Shatila-flóttamannabúðunum í Beirút árið 1977 þar sem hann tók viðtal við fjölskyldu; foreldra, föðurömmu, fjóra unga bræður og tvær systur. Hann spurði þau út í líf þeirra í Beirút sem var þá á valdi sýrlenska hersins. Voru þau undir eftirliti sýrlensku leyniþjónustunnar? Örugglega. Hafði einhver í fjölskyldunni verið handtekinn? Kannski. Töldu þau Yassir Arafat gæta hagsmuna þeirra? Auðvitað. Síðan var sú spurning lögð fram hvort þau teldu í raun að þau myndu snúa til baka til Palestínu. Á þessu augnabliki stóð amman upp og gekk inn í svefnherbergi sitt og kom til baka með klút sem virtist innihalda eitthvað. Hún

---

<sup>2</sup> Robert Fisk er virtur blaðamaður sem hefur starfað í Beirút í hátt í 30 ár. Í dag skrifar hann reglulega greinar fyrir *The Guardian* um málefni Mið-Austurlanda.

fletti klútnum af og í ljós komu lykjar sem hún sagði vera að heimili sínu í Haifa. Fisk spurði hversu margar fjölskyldur geymdu lykla sína en fjölskyldan vissi það ekki. Amman var sú eina sem hafði búið í Palestínu. Sonur hennar og fjölskylda litu á lykilinn sem svarið við því hvað væri heimili þeirra, eins og þau sáu Haifa sem bæinn sinn, þótt þau hefðu aldrei séð hann með eigin augum (1990, 19–20).

Þrátt fyrir alþjóðleg lög álitur Ísraelsríki að þeir Palestínumenn sem eru íbúar hernumdu svæðanna hafi ekki ríkisborgararétt og séu erlendir íbúar. 250.000 íbúar hernumdu svæðanna voru ekki á staðnum þegar hernámið átti sér stað en þeim var meinaður aðgangur að svæðinu í kjölfarið. Ísraelska stjórnin gaf síðan út skipanir um að svipta ætti Palestínumenn skilríkjum sínum þegar brottfarararitarnir (e. *exit visa*), sem þeir áttu að hafa í hvert sinn sem þeir ferðuðust erlendis, voru runnar út. Þessar aðgerðir náðu yfir þúsundir Palestínumanna (Shiblak, 2006, 8). Innanríkisráðuneyti Ísrael hefur algjört vald yfir því hver hlýtur ríkisborgararétt og hver ekki. Ísraelsríki setti á laggirnar reglugerð árið 1974 sem þeir notast við enn í dag til að svipta araba frá Jerúsalem skilríkjum sínum ef þeir hafa ekki dvalið í borginni í sjö ár eða hafa hlotið ríkisborgararétt eða varanleg borgararéttindi annars staðar. „Þessi stefna er skipulögð þjóðernishreinsun” (Shiblak, 2006, 8).

Með vísan til þess sem fjallað hefur verið um hér að ofan er greinilegt að ísraelsk stjórnvöld hafa markvisst rekið Palestínumenn úr landi sínu og haldið þeim fyrir utan það landsvæði í 64 ár. Stjórnvöld í Ísrael byggja enn fremur stefnu sína gagnvart Palestínumönnum á reglugerðum sem mismuna þeim og gera þá útlæga.

### 3 Flóttamenn í Líbanon

Í þessum kafla verður fjallað um tilkomu UNRWA-samtakanna sem sjá um flóttamannabúðir Palestínnumanna í Líbanon og fleiri nærliggjandi löndum, uppbyggingu og umfang flóttamannabúðanna og minni samfélög sem Palestínnumenn hafa myndað. Einnig verður fjallað um skráningu á flóttamönnum og þá flóttamenn sem eru án skilríkja (e. *non-Ids*).

#### 3.1 Flóttamannabúðir UNRWA og samfélög Palestínnumanna

Palestínskir flóttamenn sitja ekki við sama borð og aðrir flóttamenn í heiminum þar sem þeir falla ekki undir Flóttamannastofnun SP (The UN Refugee Agency, UNHCR). Í staðinn hefur sérstök stjórn verið sett á laggirnar sem á að sjá um vernd palestínskra flóttamanna. Þær stofnanir sem vinna að málefnum þessara flóttamanna eru UNRWA-samtökin, Flóttamannastofnun SP og sáttanefnd SP fyrir Palestínu (The United Nations Conciliation Commission for Palestine, UNCCP). UNRWA var stofnað sem dótturfélag allsherjarþings SP árið 1949 og átti „ásamt staðbundnum stjórnvöldum að veita aðstoð og vinna að áætlun varðandi störf“ fyrir flóttamennina (Ben-Sichou o.fl., 2008, 6). Einnig samþykkti allsherjarþingið að: „áframhaldandi aðstoð við palestínska flóttamenn væri nauðsynleg til að koma í veg fyrir hungursneyð meðal þeirra og einnig til þess að stuðla að friði og stöðugleika“ meðal flóttamannanna (Ben-Sichou o.fl., 2008, 6).

Það eru engar nákvæmar tölur til yfir hversu margir Palestínnumenn eru í Líbanon en engin opinber talning á fólki hefur verið framkvæmd í Líbanon síðan 1932. Íbúafjöldi Líbanon var talinn vera 4,4 milljónir árið 2004 og samkvæmt tölum UNRWA sem birtust í janúar síðastliðnum eru palestínskir flóttamenn í landinu skráðir 465.798, sem er um 10% af líbönsku þjóðinni (UNRWA, 2012). Talið er að af heildartölu flóttamanna í Líbanon búi 260.000 til 280.000 að staðaldri í landinu en fjöldi fólks hefur yfirgefið Líbanon fyrir betri atvinnutækifæri erlendis (a.UNRWA, 2011). Það eru 12 formlegar flóttamannabúðir í Líbanon (UNRWA, 2010) og UNRWA rekur 68 skóla og 28 heilsugæslustöðvar fyrir palestínska flóttamenn í þessum búðum (UNRWA, 2012).

Upprunalega voru 16 flóttamannabúðir í Líbanon en þrjár þeirra voru eyðilagðar í borgarastríðinu 1975–1990 og voru ekki endurreistar. Fjórdú búðirnar voru rýmdar fyrir mörgum árum síðan og íbúar þeirra vorufluttir í aðrar flóttamannabúðir (Ben-Sichou o.fl., 2008, 9). Af þeim flóttamönnum sem skráðir eru hjá UNRWA búa 62% í þeim 12 flóttamannabúðum sem nú eru starfræktar (a.UNRWA, 2011). Annars staðar í Mið-Austurlöndum er hlutfall þeirra flóttamanna sem búa í búðum mun minna. Í Jórdaníu búa 18% af flóttamönnunum í flóttamannabúðum, í Sýrlandi er hlutfallið 27%, á Vesturbakkanum búa 25% flóttamanna í búðunum og hlutfallið er 47% á Gaza. Húsnæði í UNRWA-búðunum er flóttamönnunum að kostnaðarlausu en það þekkist að flóttamenn selji uppgert húsnæði eða leigi út húsnæði. Lög gilda um ástand húsa og ekki er leyfilegt að stækka svæði þar sem flóttamannabúðirnar eru staðsettar. Þar af leiðandi er yfirfullt í búðunum (Ben-Sichou o.fl., 2008, 30).

Stærstu flóttamannabúðirnar í Líbanon eru Ein el-Hilweh og þar búa 50.000 flóttamenn (a. UNRWA, 2011). Eins og áður hefur komið fram eru skráðir palestínskir flóttamenn í Líbanon 465.798, í Sýrlandi eru þeir 510.444 og í Jórdaníu 2.047.367. Á Gazaströndinni eru skráðir palestínskir flóttamenn 1.217.519 og á Vesturbakkanum eru þeir 874.627. Alls eru skráðir palestínskir flóttamenn hjá UNRWA 5.115.755 (UNRWA, 2012).

Palestínskt flóttafólk býr bæði í flóttamannabúðum sem reknar eru af UNRWA og í litlum samfélögum sem ekki tilheyra flóttamannabúðunum. Í Suður-Líbanon á svæðinu milli Tyr og Saida búa um það bil 63.000 flóttamenn í litlum samfélögum. Samfélögin eru 39 talsins og samanstanda af flóttamönnum sem eru á skrá UNRWA og einnig þeim sem eru óskráðir. Minnsta samfélagið samanstendur af 25 heimilum (Ben-Sichou o.fl., 2008, 9). Opinberri þjónustu í þessum samfélögum er stjórnað af tilskipuðum samfélagsnefndum en UNRWA kemur ekki að þeirri þjónustu (Ben-Sichou o.fl., 2008, 30). Þeir flóttamenn sem eru á skrá hjá UNRWA og búa í óformlegu flóttamannabúðunum hafa aðgang að þeirri þjónustu sem UNRWA býður uppá í formlegu flóttamannabúðunum (Elsayed-Ali, 2006, 13).

Skipulag varðandi drykkjarvatn, skólplagnir, rafmagn og þess háttar er á vegum UNICEF, frjálsra félagasamtaka og einnig sjá sum samfélögin sjálf um þessi mál með aðstoð stjórnmalaflokka (Ben-Sichou o.fl., 2008, 30). Flóttamannabúðirnar standa betur þegar kemur að samfélagsþjónustu en litlu samfélögin. Í búðunum hefur fólk

aðgang að heilsugæslu og mun betri aðgang að samgöngum og einnig er haldið utan um unga fólkið í búðunum í ríkari mæli en í samfélögunum. Hins vegar hafa hvorki samfélögin né búðirnar slökkvistöðvar og eingöngu eru pósthús í flóttamannabúðunum í norður hluta Líbanon (Ben-Sichou o.fl., 2008, 29).

Dr. Sari Hanafi<sup>3</sup> talar um í bókinni *The Lived Reality of Palestinian Refugees in Lebanon* þann mun sem er á lokuðu, formlegu flóttamannabúðunum og þeim sem eru ekki lokaðar, það er óformlegu flóttamannabúðunum. Hann segir að í lokuðu búðunum skapist ekki „náttúrulegar“ aðstæður heldur ríki þar ákveðinn valdagi, stjórn og eftirlit sé notað og þar verði til ríki undantekningar (e. *exception*). Því hefur verið haldið fram að ef ekki eru til staðar afmarkaðar flóttamannabúðir verði óljós skil á milli flóttamannanna og íbúa landins. Hanafi telur þetta ólíklegt þar sem sambandið á milli þjóðernisvitundar og staðsetningar í samfélaginu sé ekki sterkt; flóttamannabúðirnar hafi skapað nýja vitund sem sé ekki þjóðernisvitund heldur þéttbýlisvitund (e. *urban idenity*) (2010, 2).

### 3.2 Skráning flóttamanna

Flóttamenn sem eru á skrá hjá UNRWA eru einnig skráðir hjá líbönskum yfirvöldum og fá búsetuleyfi og ferðaskilríki sem gilda í fimm ár í senn (Ben-Sichou o.fl., 2008, 10 og 19). Samkvæmt tölum frá árinu 2008 voru 30.000 til 35.000 flóttamenn skráðir hjá líbönskum yfirvöldum en ekki hjá UNRWA og flestir þeirra komu til Líbanon í kjölfar stríðsins milli araba og Ísraels 1967. UNRWA aðstoðar þá þegar kemur að menntun en þeir hafa ekki aðgang að sömu þjónustu og flóttamenn á skrá UNRWA. Hér er um að ræða heilsugæslu, húsnæði og peningaaðstoð (Ben-Sichou o.fl., 2008, 10). Flóttamenn sem eru skráðir hjá yfirvöldum en ekki UNRWA fá búsetuleyfi og ferðaskilríki sem gildir í eitt ár í senn og leyfilegt er að endurnýja þrisvar sinnum (Ben-Sichou o.fl., 2008, 19). Samkvæmt gögnum UNRWA hafa 56.000 Palestínumenn fengið líbanskan ríkisborgararétt síðan 1948. Samkvæmt ákveðnum heimildum hefur ríkisborgararétturinn verið gefinn, þá helst til kristinna flóttamanna frá Palestínu árið 1980. Þessir flóttamenn njóta sömu borgararéttinda og Líbanir (Ben-Sichou o.fl., 2008, 11).

---

<sup>3</sup>Sari Hanafi er Palestínumaður fæddur í Sírylandi. Hann er einn virtasti fræðimaður um málefni Palestínumanna í Líbanon. Hanafi hefur starfað frá 2005 sem aðstoðarprófessor við Félags- og atferlisfræðadeild AUB (American University of Beirut) í Líbanon. Hanafi varði doktorsgráðu sína við Ecole des Hautes Etudes en Sciences Sociales í París, Frakklandi.

Einnig eru 4.000 palestínskir flóttamenn í Líbanon sem eru hvorki skráðir hjá UNRWA né líbönskum stjórnvöldum. Margir þessara flóttamanna höfðu áður búið í nágrennaríkjunum og komu til Líbanon ólöglega þegar borgarastríðið átti sér stað eða fylgdu Frelsissamtökum Palestínu í kjölfar Svarta september (e. Black September) árið 1970 (Ben-Sichou o.fl., 2008, 10) en það voru átök sem áttu sér stað milli Frelsissamtaka Palestínu, sem eru helsta andspyrnuhreyfing Palestínumanna, og jórdanska hersins þegar samtökin voru staðsett í Jórdan (Ben-Sichou o.fl., 2008, 6). Þessi hópur flóttamanna er verst staddur þegar kemur að borgararéttindum palestínskra flóttamanna í Líbanon. Hópurinn hefur ekki búsetuleyfi en einstaklingar innan hans eru oft með einhverskonar skilríki á vegum UNRWA, sem þeir hafa fengið vegna veru í öðrum löndum. Slík skilríki eru ekki talin gild í Líbanon. Umræddir flóttamenn eru því taldir ólöglegir og það heftir bæði ferðir þeirra innan landsins og til og frá landinu. Margir af fyrstu kynslóð þessara flóttamanna án skilríkja (e. *non-Ids*) eiga einhverskonar skilríki en afkomendur þeirra hafa engin auðkennisgögn (Ben-Sichou o.fl., 2008, 10).

Sherif Elsayed Ali, verkefnisstjóri flóttamannamála Amnesty International í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku, ritaði greinina „Palestinian refugees in Lebanon“ sem birtist í tímaritinu *Forced Migration Review* árið 2006. Þar fjallar hann meðal annars um konu sem er skráður flóttamaður hjá UNRWA í Líbanon. Konan, sem heitir Rola og er 42 ára gömul, giftist palestínskum flóttamanni frá Jórdaníu og hún á aðeins trúarleg gögn en engin opinber gögn um giftingu sína. Þrátt fyrir að Rola sé skráð á flóttamannaskrá UNRWA eru börnin hennar ekki skráð þar og eru því flóttamenn án skilríkja. Börnin hafa gengið í skóla þar sem greidd voru skólagjöld en þurftu að hætta eftir níunda bekk þar sem þau gátu ekki tekið próf sem ríkið skyldar nemendur á því skólastigi til að taka (2006, 13).

Flóttamenn án skilríkja höfðu ekki aðgang að þjónustu UNRWA, börnum þeirra var meinaður aðgangur að skólum og svo framvegis, þar til nýlega þegar líbönsk, palestínsk og alþjóðleg frjáls félagasamtök ásamt UNRWA og líbönskum yfirvöldum ákváðu að vinna að lausn mála flóttamanna án skilríkja, veita þeim betri aðstoð og tryggja þeim réttarstöðu innan Líbanon (Ben-Sichou o.fl., 2008, 10).

Í grein Cynthiu Petrigh, verkefnisstjóra Danska flóttamannaráðsins (DRC) í Líbanon, „No freedom, no future: undocumented Palestinian refugees in Lebanon“ sem birtist í tímaritinu *Forced Migration Review* árið 2006 fjallar hún meðal annars um karlmann sem flokkast sem flóttamaður án skilríkja. Danska flóttamannaráðið hefur veitt þessum manni, sem ber nafnið Hassan, lagalega aðstoð og unnið er að því að hann geti fengið skilríki og landvistarleyfi (2006, 16). Það heftir líf einstaklings til muna að hafa ekki lögleg skilríki þar sem í sumum búðanna eru skilríki athuguð þegar flóttamenn vilja yfirgefa búðirnar eða koma inn í þær. Framkvæmdin fer eftir því hvernig öryggisástandið er í landinu hverju sinni (Ben-Sichou o.fl., 2008, 20).

Ljóst er að flóttamenn án skilríkja lifa í stöðugri óvissu um framtíð sína og öryggi í Líbanon og dæmin um Rolu og Hassan sýna hvernig flóttamenn geta þurft að lifa án nokkurrar félagslegrar aðstoðar og orðið utangarðs í flóttamannasamfélaginu. Það er mikill stigsmunur á aðstæðum innan flóttamannasamfélagsins og þar má finna mismunandi lífsgæði.



## 4 Málefni Palestínnumanna: pólitík & borgaraleg réttindi

Í þessum kafla er fjallað um eina helstu andspyrnuhreyfingu Palestínnumanna, Frelsissamtök Palestínu (Palestinian Liberation Organisation, PLO), og þau áhrif sem samtökin hafa haft á Palestínnumenn í Líbanon og stjórn málaástand landsins. Vera Frelsissamtökanna í landinu ýtti undir þjóðerniskennd flóttamannanna og samtökin studdu við flóttamannabúðirnar bæði efnahagslega og félagslega. Á sama tíma sköpuðu Frelsissamtök Palestínu óvild meðal stjórnvalda og íbúa Líbanons í garð flóttamannanna. Fjallað verður lítilega um borgarastyrjöldina í Líbanon sem stóð yfir frá 1975 til 1990 og þá sérstakleg fjöldamorðin í Sabra og Shatila flóttamannabúðunum 1982. Ég mun fjalla um borgararéttindi flóttamannanna, það er hvaða menntun, atvinnutækifæri, húsnæðismöguleikar og heilsugæsla stendur þeim til boða. Einnig mun ég fjalla um öryggisástandið í Líbanon og hvernig flóttamannabúðirnar þar í landi hafa orðið „ríki innan ríkis“, það er einangrað svæði þar sem sérstætt samspil stjórnar UNRWA og palestínskra stofnana er við lýði og ný sjálfsvitund hefur orðið til í löngu ferli sem hefur einkennst af einangrun.

### 4.1 *Frelsissamtök Palestínu & borgarastyrjöldin í Líbanon 1975–90*

Þjóðernisbarátta Palestínnumanna hefur stuðst við tvo meginþætti: Nakba, sem þýðir hörmungar og er heiti sem Palestínnumenn nota yfir brotthvarf sitt frá Palestínu 1948, og endurkomu flóttamannanna til heimalandsins. Til þess að halda baráttunni á lofti var litið á flóttamannabúðir Palestínnumanna í Líbanon, Sírlandi, Jórdan og fleiri löndum sem grundvallarþátt í því að styrkja þjóðernisvitund Palestínnumanna á meðan þeir dvelja fyrir utan heimalandið (Hanafi, 2008, 1). Frelsissamtök Palestínu eiga rætur sínar að rekja til flóttamannabúðanna í Jórdaníu (Ramadan, 2009, 73). Samtökin flúðu síðan til Líbanon í kjölfar átaka á milli þeirra og jórdanska hersins árið 1970 (Ben-Sichou o.fl., 2008, 6). Frelsissamtökin voru sameiningartákn ýmissa palestínskra, pólitískra aflu sem höfðu það markmið að frelsa undirokað heimaland sitt. Áhrif Frelsissamtökanna innan flóttamannabúðanna í Líbanon jukust með tímanum og litið var á veru samtökanna í Líbanon sem „ríki innan ríkis“ (Ramadan, 2009, 73). Á þeim tíma sem palestínska andspyrnan í Líbanon var sterkust áttu yfirvöld í Líbanon erfitt uppdráttar. Palestínska andspyrnan hélt stöðu sinni með uppbyggingu í flóttamannabúðunum. Á sama tíma og Frelsissamtök Palestínu urðu sterkari, bæði út frá pólitísku afli og hernaðarlega séð, settu Palestínnumenn fjölda

félagslegra og efnahagslegra stofnana á laggirnar og uppbygging flóttamannabúðanna var bætt til muna á þeim tíma (Dorai, 2010, 5). Adam Ramadan fjallar um í grein sinni „A refugee Landscape: Writing Palestinian nationalisms in Lebanon“ hvernig palestínsk, pólitísk öfl hafa notað umhverfið í flóttamannabúðunum til að framkalla og viðhalda þjóðarvitund íbúanna. Til þess eru notaðar höggmyndir, fánar, veggspjöld og fleira. Með þessu tengja pólitísk öfl þjóðarvitundina við sína stefnu og viðhalda þeim áhrifum sem þessi öfl hafa í búðunum. Umhverfi flóttamannabúðanna er notað fyrir samskipti en um leið samkeppni og sem miðill fyrir pólitísk öfl til að hafa áhrif á íbúa búðanna og viðhalda þeim áhrifum sem þegar eru til staðar (2009, 70 -71).

Í lok sjöunda áratugarins voru málefni Palestínnumanna orðin stór þáttur í líbönsku samfélagi. Pólitísk og fjárhagsleg ítök Frelsissamtaka Palestínuinnan flóttamannabúðanna ásamt vaxandi áhrifum sem palestínskir uppreisnarmenn höfðu í landinu settu sitt mark á líbanskt stjórnmalalíf og stjórnmalaflokka. Drúídar (e. *Druze*), súnnítamúslimar (e. *Sunni*), sjítamúslimar (e. *Shiite*) og veraldlegir (e. *secular*) hópar vildu veita Palestínnumönnum pólitískan og hernaðarlegan stuðning. Hins vegar voru kristnir þjóðernissinnar mjög ósáttir við þessa nýju stefnu. Þeir álitu að vaxandi áhrif Frelsissamtakanna í landinu og aukin hernaðarvæðing flóttamannabúðanna setti Líbanon í verulega hættu (Halabi, 2004, 40).

Árið 1975 skall á borgarastyrjöld í Líbanon og átök kristinna og palestínskra skæruliðahópa voru mikilvægur þáttur í upptökum stríðsins. Átökin áttu sér helst stað í suðurhluta Beirút; í úthverfum borgarinnar þar sem hátt hlutfall atvinnuleysis gerði það að verkum að báðar hreyfingar náðu miklum áhrifum innan sinna samfélaga. Ástand mála, fátækt og félagsleg vandamál stuðluðu að því að auðvelt var að virkja fólk til að taka þátt í baráttunni ásamt því að sterk bönd voru innan samfélaganna og ýtt var undir þjóðerniskennnd fólksins. Einnig spilaði inni að Líbanon er í heimshluta sem bjó við lítinn stöðugleika og kalda stríðið var í fullum gangi (Halabi, 2004, 41).

Í viðtali við flóttamann í heimildarmyndinni *Palestinian Refugees in Lebanon* kemur fram að palestínskir flóttamenn hafa sætt fjöldamorðum í gegnum tíðina í Líbanon. Eitt þekktasta dæmið um það eru fjöldamorðin í Sabra og Shatila-flóttamannabúðunum þar sem talið er að hátt í 5.000 manns hafi verið myrtir (A-films,

2006). Árið 1982 réðst Ísrael inn í Líbanon með það markmið að brjóta niður palestínsku andspyrnuna þar. Bandamenn Ísraels í Líbanon, kristnir þjóðernissinnar *falangistar*, báru ábyrgð á fjöldamorðunum sem fylgdu í kjölfar innrásarinnar. Ísraelsmenn horfðu á þegar fólki var slátrað í flóttamannabúðum Sabra og Shatila (Documentarymasterisa, 2008). Margir blaðamenn voru í Beirút á þeim tíma og meðal þeirra var Robert Fisk sem fór inn í flóttamannabúðirnar rétt eftir fjöldamorðin og varð vitni að eftirleik morðanna. Í sjónvarpsviðtali við Fisk nokkrum árum seinna lýsir hann fyrir áhorfendum hvað blasti við honum þegar hann gekk inn í búðirnar eftir fjöldamorðin. Lík lágu út um allt þegar blaðamennirnir komust inn í búðirnar og Fisk segir í viðtalinu að það hafi allt verið almennir borgarar sem lágu í valnum. Hann sá engin merki um vopnaburð flóttamannanna og allt benti til þess að saklausu fólki hefði verið slátrað. Blaðamennirnir veltu fyrir sér þegar þeir gengu um svæðið hvort Ísraelsher hefði vitað hvað hafði gengið á í búðunum og spurningu þeirra var svarað þegar þeir sáu hermenn standa á húspökum með kíkum. Hermennirnir sáu blaðamennina og einnig líkin og þeir höfðu fylgst með þegar fólkinu hafði verið slátrað (Documentarymasterisa, 2008).

Árás Ísrael inn í Líbanon árið 1982, fjöldamorðin í Sabra og Shatila-flóttamannabúðunum ásamt pólitískum ósigri Arafats, leiðtoga Frelsissamtaka Palestínu, gerði það að verkum að margir palestínskir uppreisnarmenn yfirgáfu Líbanon og var forysta Frelsissamtakanna gerð útlæg frá landinu (Halabi, 2004, 41; Ramadan, 2009, 73). Eftir stóðu íbúar flóttamannabúðanna með lítinn fjárhagslegan og pólitískan stuðning. Ástand mála hafði með tímanum skapað óvild meðal líbönsku þjóðarinnar í garð Palestínnumanna. Það voru aðallega sjítamúslimar sem sýndu þessa óvild. Þeir höfðu áður fyrr verið bandamenn Palestínnumanna en snérust gegn þeim eftir innrás Ísraels inn í Líbanon og hersetu Ísraels í landinu, þar sem hernámið hafði þær afleiðingar að sjítamúsílmarnir voru reknir frá heimilum sínum í Suður-Líbanon (Halabi, 2004, 41).

Eftir að borgarastríðinu lauk árið 1990 ákváðu stjórnvöld í Líbanon að taka aftur upp sína stefnu í málum Palestínnumanna sem gekk helst út á að vinna að rétti flóttamannanna til snúa aftur til síns heimalands, Palestínu. Málefni Palestínnumanna

voru ekki eingöngu í sviðsljósinu í Líbanon. Alþjóðasamfélagið studdi Oslóarfríðarferlið, samkomulag á milli Ísrael og Frelsissamtaka Palestínu árið 1993, en sá samningur fjallaði lítið um málefni flóttamanna (Halabi, 2004, 42; Eldar Ástþórsson, 2006). Eftir stríðið var mikil pólitísk pressa á palestínsku flóttamennina. Hlutirnir breyttust mikið og það sem áður hafði verið álitnið palestínsk málefni voru nú orðin palestínsk vandamál. Í fyrsta sinn síðan flóttamennirnir komu til landins var meirihluti líbönsku þjóðarinnar á mótum því að veita þeim pólitískan stuðning og borgaraleg réttindi. Þetta viðhorf varð einnig viðhorf ríkisins, sem mismunandi flóttamönnum lagalega séð og einnig fór pólitískur stuðningur við flóttamennina dvínandi sem gerði það að verkum að Palestínumenn urðu enn meira einangraðir frá líbönsku samfélagi (Halabi, 2004, 42). Palestínumenn áttu sinn þátt í borgarastríðinu og það hafði mikil áhrif á líbanskt samfélag sem síðan olli því að þjóðfélagið snérist enn frekar gegn flóttamönnum frá Palestínu (Halabi, 2004, 42).

Málefni Palestínumanna og réttinda þeirra eru mjög umdeild í dag. Fortíðin hefur átt stóran hlut í því og stuðningurinn sem Palestínumenn hafa sýnt meðbræðrum sínum, súnnítamúslímum, í gegnum tíðina hefur verið á kostnað kristinna í landinu (Nuir, 2010). Flóttamenn frá Palestínu eru um það bil 10% af íbúum Líbanon samkvæmt opinberum tölum og ef þeir hlytu kosningarétt mundi það því þýða breytingar í valdajafnvægi Líbanon og að múslímar yrðu meirihluti í landinu (Halabi, 2004, 40).

Mikilvægur atburður í lífi Palestínumanna í Líbanon voru fjöldamorðin í Sabra og Shatila-flóttamannabúðunum, þegar þúsundir manna voru teknar af lífi og þeir sem báru ábyrgð á „flóttanum“ frá heimalandinu tóku þátt í slátruninni. Það má segja að Sabra og Shatila-fjöldamorðin hafi verið endurtekning á því áfalli sem flestir flóttamennirnir urðu fyrir þegar þeir flúðu sína heimahaga. Þessir atburðir hafa sett sitt mark á líf fólksins á staðnum og einnig hugmyndafræðina sem hefur orðið til með tímanum. Vera Frelsissamtaka Palestínu í Líbanon hafði mikil áhrif á sögu landsins og flóttamennina. Einnig hefur fráhrarf samtakanna sett sitt mark á flóttamannabúðirnar og formleg andspyrna Palestínumanna í Líbanon liggur niðri í dag.

## **4.2 Réttindi flóttamanna**

Eins og fram hefur komið njóta palestínskir flóttamenn takmarkaðra réttinda í Líbanon. Þrátt fyrir 64 ára veru þeirra í landinu eru þeir álitnir útlendingar og þar sem

þeir tilheyra engu ríki eru engir gagnkvæmir samningar ríkja sem vernda þá. Takmarkanir á ýmsum vettvangi, til dæmis varðandi húsnæðismál og eignaréttindi sem og rétt til vinnu og vinnuréttinda, hefur áhrif á þeirra daglega líf. Þegar flóttamenn frá Palestínu komu til Líbanon á sínum tíma settu yfirvöld í landinu á laggirnar sérstaka nefnd til að sjá um veru þeirra í landinu. Þessi nefnd hefur svo breyst með tímanum. The Central Committee for Refugee Affairs (CCRA) var fyrsta nefndin sem sá um að setja reglur er vörðuðu veru flóttamanna í landinu. Á þeim tíma var talið að þetta væri tímabundið ástand og flóttamennirnir myndu snúa til síns heima von bráðar. Seinna eða árið 1959 var samkvæmt skipun forseta Líbanon stofnuð deild innan líbanska innanríkisráðuneytisins sem sérhæfði sig í málefnum palestínkra flóttamanna (The Department of Affairs of Palestinian Refugees, DAPR). Var þetta upphafið að reglugerð sem gerði það að verkum að lagalegur grunnur var lagður að veru Palestínumanna í landinu (Ben-Sichou o.fl., 2008, 12).

Þrátt fyrir að reglugerðin vísi sérstaklega til „palestínkra flóttamanna“ eru flóttamennirnir álitnir út frá lagalegu sjónarmiði vera útlendingar og hafa sömu stöðu og aðrir erlendir gestir. Líbönsk lög flokka Palestínumenn ekki sem flóttamenn og veita þeim hvorki sérstaka lagalega stöðu líbanskra borgara né stöðu flóttamanns. Samkvæmt lögum eru palestínkir flóttamenn útlendingar og þeir fá enn fremur sérstaka meðferð þar sem þeim eru fleiri takmarkanir settar en hinum „venjulegu“ erlendu gestum landsins. Lagalega séð njóta Palestínumenn ekki þeirra grunnréttinda sem Líbanir njóta en á sama tíma eru þeim ekki veitt réttindi flóttamanna sem eru alþjóðlega viðurkennd. Líbanon hefur ekki farið eftir flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1951 þegar kemur að palestínskum flóttamönnum (Ben-Sichou o.fl., 2008, 14). „Flóttamannasamningurinn frá 1951 kveður á um vernd grundvallarmannréttinda flóttamanna, réttindi þeirra og skyldur ríkja. Samningurinn kveður á um vernd handa þeim sem eru í hættu vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum félagasamtökum eða stjórnmalaskoðana“ (Utanríkisráðuneytið, 2007, 16-17).

UNRWA hefur ekki umboð til þess að veita palestínskum flóttamönnum lagalega aðstoð. Flóttamennirnir sem falla undir skilgreiningu UNRWA á „palestínskum

flóttamanni“ hafa rétt á menntun, heilsugæslu og félagslegri aðstoð. Þessa þjónustu mætti skilgreina sem vernd sem að einhverju leyti veitir flóttamönnum efnahagsleg og félagsleg réttindi. Þessi tegund af vernd er hins vegar ekki sú sama og veitt er öðrum flóttamönnum víðsvegar um veröldina (Ben-Sichou o.fl., 2008, 6).

Samkvæmt líbönskum lögum eiga Líbanir rétt á lögfræðiaðstoð frá ríkinu ef þeir hafa ekki efni á eigin lögfræðingi og sömu lög bjóða upp á lögfræðiaðstoð fyrir erlenda ríkissborgara ef til eru gagnkvæmir samningar ríkja. Þetta gerir það að verkum að Palestínumenn eiga ekki rétt á lögfræðiaðstoð frá ríkinu. Yfirleitt er erfitt fyrir Palestínumenn að útvega sér sjálfir lögfræðiaðstoð vegna þess að þeir hafa ekki efni á því. Palestínumenn hafa því oft enga lagalega vernd og erfitt er fyrir þá að fóta sig í líbanska réttarkerfinu í þessari stöðu. Það eru til dæmis meiri líkur á að vera haldið í gæsluvarðhaldi í lengri tíma en ella ef einstaklingur hefur ekki lögfræðing (Ben-Sichou o.fl., 2008, 20).

Í viðtali við flóttamann í heimildarmyndinni *Palestinian Refugees in Lebanon* segir viðmælandinn að flóttamenn í Líbanon hafi hvorki notið borgararéttinda né mannréttinda en á sama tíma hafi þeir þurft að sæta lögum sem ganga yfir alla íbúa landsins (A-films, 2006). Vegna sérstöðu Palestínumanna sem flóttamenn án ríkisfangs er auðvelt fyrir stjórnvöld í Líbanon að hlunnfara réttindi þeirra. Sú staðreynd að flóttamenn fá ekki lagalega vernd í landinu setur þá í slæma stöðu gagnvart öðrum borgararéttindum.

### 4.3 Menntun

Leikskólalþjónusta er ekki í boði hjá UNRWA en frjáls félagasamtök reka leikskóla í flóttamannabúðunum og einnig getur fólk hugsanlega nýtt sér líbanska einkarekna leikskóla og almennings leikskóla (Ben-Sichou o.fl., 2008, 25). UNRWA rekur skóla sem meirihluti palestínskra barna sækir. Námið er án gjalds og er skylda. Notast er við sömu uppbyggingu náms og námsskrá og líbanskir skólar gera. UNRWA býður uppá grunnskólamenntun í sex ár, gagnfræðaskólanám sem er þrjú ár og framhaldsskólanám í þrjú ár (Ben-Sichou o.fl., 2008, 24). Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá UNRWA sækja 33.000 nemendur nám í 68 skólum á vegum samtakanna (b.UNRWA, 2011). Kynjahlutfall er frekar jafnt meðal nemenda í þessum skólum UNRWA (Ben-Sichou o.fl., 2008, 25; b.UNRWA, 2011).

UNRWA er helsti máttarstólpi menntunar í flóttamannabúðunum og 95% barnanna þar sækja grunnskóla og gagnfræðaskóla sem UNRWA býður upp á. Hins vegar er hlutfall þeirra sem hætta í skólunum hátt og ýmis vandamál koma upp í skólagöngu barnanna (Ben-Sichou o.fl., 2008, 25). Allir flóttamennirnir hafa aðgang að skólunum, einnig flóttamenn án skilríkja, en þar sem þeir eru í raun ólöglegir í landinu geta þeir einungis sótt tíma en ekki tekið próf eða lokið náminu opinberlega. Því er lítil hvatning til staðar fyrir flóttamenn án skilríkja til að stunda nám og margir hætta á miðri leið. Valkostirnir eru ekki margir þegar kemur að framhaldsnámi fyrir flóttamennina. Nokkur pláss eru laus í almenningsskólum, einkaskólar bjóða uppá nám en þá þarf góðan fjárhag til þess að standa undir gjöldum, og UNRWA rekur eingöngu sex framhaldsskóla í Líbanon (Ben-Sichou o.fl., 2008, 26). Félags- og efnahagslegir þættir, ásamt því að erfiðara er að verða sér út um starfsleyfi vegna hámenntaðra starfa en vegna líkamlegrar vinnu, gerir það að verkum að ungt fólk sér almennt ekki fyrir sér að menntun muni hjálpa þeim í framtíðinni. Samkvæmt könnun sem var gerð meðal flóttamannanna hættu 40% nemenda í námi snemma á menntabrautinni vegna þess að lítil sem enginn hvatning var til staðar (Ben-Sichou o.fl., 2008, 26).

Flóttamennirnir hafa aðgang að einkareknum háskólum landsins ef þeir hafa fjármagn til þess eða fá styrk. Palestínumönnum er ekki samkvæmt lögum neitað um aðgang að

ríkisreknum grunnskólum eða líbanska ríkisháskólanum. Erlendir ríkisborgarar hafa aðgang að 10% af þeim lausu plássum sem í boði eru í skólum fyrir grunnenntun og þar sem Palestínumenn hafa stöðu erlendra gesta geta þeir nýtt sér þessi pláss. Lítil hluti palestínskra nemenda er skráður í líbanska einka- og almenningsskóla (Ben-Sichou o.fl., 2008, 24).

Í bænum Siblinge í Suður-Líbanon rekur UNRWA miðstöð fyrir framhaldsmenntun. Þar geta 700 nemendur stundað nám sem er um það bil fjórðungur þeirra nemenda meðal flóttamanna sem ljúka framhaldsskólastigi. Boðið er uppá verkleg námskeið fyrir þá sem hafa lokið gagnfræðanámi og bóklegir áfangar eru í boði fyrir þá sem hafa lokið framhaldsskólanámi. Palestínumenn standa verr að vígi en almenningur í Líbanon þegar kemur að menntun en einn af hverjum þremur Palestínumönnum hefur ekki lokið grunnskólamenntun. Á sama tíma er áhugavert að sjá að 80% Palestínumanna eru læsir á meðan 20% geta ekki lesið almenn skrif. Ólæsi er algengast hjá eldra fólki en þó finnst það einnig hjá ungu fólki (Ben-Sichou o.fl., 2008, 27).

Þær takmarkanir sem settar eru Palestínumönnum þegar kemur að menntun hafa bein áhrif á atvinnu- og húsnæðismál. UNRWA sér um grunnenntun en palestínskir flóttamenn eiga hins vegar erfitt með að nýta sér hana þar sem takmarkanir á vinnumarkaði eru miklar hvað þá varðar.

#### **4.4 Húsnæðismál & atvinna**

Árið 2010 skrifaði Jim Nuir, blaðamaður hjá BBC, grein þar sem hann fjallaði um ný lög sem veita palestínskum flóttamönnum vinnurétt. Nýju lögin kveða á um að Palestínumenn hafi rétt til að vinna í „einkageiranum“ og gera ráð fyrir að þeir hafi aðgang að lífeyrissjóðum og rétt til bóta vegna vinnuslysa. Palestínumenn í Líbanon hafa þó ekki rétt til að starfa á heilbrigðisviði eða á sviði laga og verkfræði og nýju vinnulögin veita þeim ekki möguleika á vinnu á vegum ríkisins eða í öðrum tilteknum störfum. Kristnir hafa andmælt nýju lögunum en það voru leiðtogar drúída (e. *druze*) sem lögðu fram tillöguna. Þegar lögin voru sett 2010 voru liðin 62 ár síðan flóttamenn frá Palestínu komu til Líbanon (Nuir, 2010). Þær takmarkanir sem eru á atvinnumöguleikum flóttamanna hafa bein áhrif á önnur mannréttindi og hafa einnig áhrif á húsnæðismál og lífsgæði þeirra (Elsayed-Ali, 2006, 14). Húsnæðisskilyrði og húsnæðisumhverfi sem flóttamenn búa við í Líbanon eru talin þau verstu á gestgjafalöndunum í Mið-Austurlöndum. Flóttamenn bjuggu fyrst í



tjöldum á sjötta áratugnum og síðan tóku við eins herbergja skýli. Í dag eru vistarverur flóttamannanna hús og svæðin eru mjög þéttbýl (Ben-Sichou o.fl., 2008, 28). Húsnæðisvandamál eru í búðunum þar sem rými er lítið og aðrir húsnæðiskostir fáir. Fólksfjöldi Palestínumanna fer vaxandi með árunum en svæðið sem búðirnar eru byggðar á hefur hvorki verið stækkað né áætlanir gerðar um það í framtíðinni. Líbönsk stjórnvöld koma í veg fyrir að búðirnar geti stækkað við sig og í dag er sama svæði ætlað fyrir búðirnar og var á sjötta áratugnum (Ben-Sichou o.fl., 2008, 28).

Rafmagn er af skornum skammti í Líbanon og hefur það mikil áhrif á flóttamannabúðirnar (Ben-Sichou o.fl., 2008, 29). Fólk samnýtir rafmagnið. 96% heimila í búðunum hafa rafmagn en skorturinn er mikill þar sem ástand mála í öllu landinu er lélegt þegar kemur að rafmagni. Hægt er að leigja rafal fyrir heimilið fyrir 30–40 dali á mánuði sem hægt er að nota þegar rafmagn slær út og einnig er mikið um að ólöglega sé tengt í nærliggjandi almenningsrafmagnslínur (Ben-Sichou o.fl., 2008, 30). Flest húsin þar sem fólk býr hafa eldhús og baðherbergi en drykkjarvatn og skólplagnir eru ekki í góðu ástandi. Á síðustu tíu árum hafa búðirnar þó verið bætтар og þá sérstaklega þegar kemur að skólplögnum og húsnæðisaðstöðu (Ben-Sichou o.fl., 2008, 29). Þrátt fyrir að UNRWA sjái flóttamönnum fyrir lágmarks hreinlætisþjónustu koma upp mörg vandamál hvað það varðar. Yfirvöld hafa komið í veg fyrir að skólpl- og holræsisþjónusta í búðunum sé tengd þjónustu sem veitt er utan búðanna (Ben-Sichou o.fl., 2008, 30).

Samkvæmt líbönskum lögum eru takmarkanir á fasteignakaupum erlendra ríkisborgara í landinu. Þangað til 2001 gátu Palestínumenn fest kaup á fasteign í Líbanon en þurftu eins og erlendir ríkisborgarar að borga hærrí fasteignagjöld. Árið 2001 setti líbanska þingið ný lög þar sem Palestínumönnum er meinaður aðgangur að fasteignakaupum:

It is prohibited to any person who is not a national of a recognized state, or anyone whose ownership of property is contrary to the provisions of the Constitution relating to Tawteen<sup>4</sup> to acquire real-estate property of any kind (Ben-Sichou o.fl., 2008, 18).

---

<sup>4</sup> *Tawteen* er líbanskt hugtak notað innan stjórnmála sem vísar í höfnun varanlegrar fótfestu Palestínumanna í Líbanon.

Þessi lög koma í veg fyrir að Palestínumenn geti keypt fasteign og þeir geta heldur ekki erft fasteign eða skráð fasteign sem þeir höfðu þegar keypt þegar löggin voru sett eða voru farnir að greiða af. Einnig gerði þetta að verkum að þeir Líbanir sem leigðu fasteign af Palestínumönnum þurftu ekki lengur að greiða leigu og þeir Líbanir sem höfðu selt Palestínumönnum landareign gátu krafist þess að fá eignina til baka (Ben-Sichou o.fl., 2008, 18). Sumir Palestínumenn sem hafa flutt úr flóttamannabúðunum hafa keypt land og fasteign eða leigja á ólöglegan hátt. Líbönsk yfirvöld reyna að sjá til þess að ekki sé ólöglega byggt innan búðanna og hafa því bannað flutning á byggingarvörum inn í búðirnar. Það sama á við um hin litlu samfélög palestínsku flóttamanna og þá sérstaklega í Suður-Líbanon. Í sumum búðunum og samfélögnum eru takmarkanirnar svo miklar að yfirvöld hafa gert upptækan við og nagla sem voru í eigu flóttamanna (Ben-Sichou o.fl., 2008, 19).

Reglugerðir yfirvalda hafa beinst sérstaklega að þeim flóttamönnum sem búa í óformlegum flóttamannabúðum. Húsin þar eru í verra ástandi en í öðrum flóttamannabúðum. Í sumum tilvikum hafa yfirvöld sektað einstaklinga fyrir að hafa lagst í lagfæringar á húsi sínu og lögregla hefur jafnvel eyðilagt þá vegg og loft sem hafa verið lagfærð. Í einu tilviki var kona handtekin af lögreglu og henni haldið í varðhaldi þar til múrsteinsveggurinn, sem eiginmaður hennar hafði byggt, var rifinn niður (Elsayed-Ali, 2006, 14).

Árið 2004 hóf UNRWA endurbætur á byggingum í flóttamannabúðunum. Stjórnvöld studdu þessar aðgerðir og síðan þá hefur verið slakað á takmörkununum. Palestínsk mannréttindasamtök í Líbanon hafa staðfest að slakað hefur verið á byggingabanninu og að hægt sé að fá leyfi til bygginga en það taki einhvern tíma. Samtökin hafa einnig undirstrikað að þessar tilslakanir séu ekki í lögum og þess vegna geti þær breyst eða bannið orðið virkt aftur hvenær sem er (Ben-Sichou o.fl., 2008, 19).

Þegar kemur að reglugerðum í sambandi við vinnu fyrir flóttamennina er augljóst að þeim eru takmarkanir settar og erfitt er að koma í veg fyrir misnotkun gagnvart þeim á vinnumarkaðnum. Þar sem flóttamennirnir eru flokkaðir sem útlendingar lagalega séð byggist réttur þeirra til vinnu og almannatrygginga á þremur meginatriðum: Að þeir geti sýnt fram á vinnuleyfi, „national preference“ og gagnkvæmum samningum landa um réttindi borgara (Ben-Sichou o.fl., 2008, 14). Hins vegar er mjög erfitt að fá

vinnuleyfi í Líbanon ef viðkomandi er ekki ríkisborgari og þau eru sjaldan veitt til flóttamanna (Ben-Sichou o.fl., 2008, 16).

Í viðtali við flóttamann í heimildarmyndinni *Palestinian Refugees in Lebanon* kemur fram að mikil gremja er meðal flóttamannanna vegna húsnæðis- og atvinnumála. Vinnumálaráðherra Líbanons hefur lofað flóttamönnum betri vinnuréttindum og þrýstingur er á stjórnvöld í landinu varðandi bætt borgararéttindi og fleiri vinnuleyfi fyrir flóttamenn (A-films, 2006). Árið 1999 gaf vinnumálaráðuneyti Líbanons út 18.000 vinnuleyfi til egypskra verkamanna en á sama tíma voru 350 vinnuleyfi veitt Palestínumönnum og hefur leyfunum farið fækkandi með árunum. Engin gögn eru til um hversu margir Palestínumenn hafa sóttum vinnuleyfi og verið hafnað. Þeir flóttamenn sem fá vinnuleyfi fá enn fremur ekki aðgang að líbanska almannatryggingakerfinu þrátt fyrir að þeir borgi skatta eins og aðrir. Ástæðan fyrir þessu er að þeir hafa enga gagnkvæma ríkjasamninga sem vernda rétt þeirra þar sem Palestína er ekki enn viðurkennt sem ríki (Ben-Sichou o.fl., 2008, 17):

*Foreign labourers working on Lebanese soil are not subject to the provisions of this law, and therefore are not entitled to the benefit of any and all sections of social security, except if the country of their origin afford its Lebanese residents the same treatment as its own citizens with regard to Social Security - Social Security Code, 26 September 1963 (Ben-Sichou o.fl., 2008, 17).*

Vinnureglur líbanska ríkisins gilda ekki í flóttamannabúðum Palestínumanna og UNRWA sér því um að veita flóttamönnum störf. Þær fjölmörgu takmarkanir sem settar eru flóttamönnum gera það að verkum að UNRWA er besti kosturinn. Alþjóðleg og palestínsk frjáls félagasamtök sem starfa í búðunum útvega einnig flóttamönnum með menntun störf. Þessi störf eru innan búðanna og snúa að ýmsum verkefnum. Talið er að palestínskar stofnanir, svo sem Frelsissamtök Palestínu, Hamashreyfingin og palestínski Rauði hálfmáninn, og frjáls félagasamtök útvegi þriðjung þeirra starfa sem Palestínumanna hafa. Palestínumenn vinna einnig í einkageiranum og starfrækja lítil fyrirtæki innan búðanna eða þar í kring. Palestínumenn hafa leyfi til að vinna við akuryrkju, búskap og í byggingavinnu þar sem ekki þarf vinnuleyfi til að vinna þessi störf. Þrátt fyrir þær takmarkanir sem settar

eru Palestínúmönnum þegar kemur að atvinnu starfa margir ólöglega í landinu (Ben-Sichou o.fl., 2008, 17). Palestínumenn þéna minna en Líbanir á sama starfsviði og lagaleg staða Palestínumanna í landinu hefur slæm áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaðinum (Ben-Sichou o.fl., 2008, 31).

Mikill munur er á tekjum flóttamanna og íbúa Líbanon. Um það bil 70% flóttamanna eru í tveimur lágstu launaflokkunum á meðan aðeins 20% Líbana eru í sömu launaflokkum. Í hærri launaflokkunum, með meira en 1.630.600 íslenskar krónur í innkomu árlega, eru 25% Líbana en aðeins 2,5% palestínskra heimila ná þeirri innkomu árlega (Ben-Sichou o.fl., 2008, 31). Þar sem margar starfsgreinar eru ekki aðgengilegar Palestínúmönnum er verkamannavinna oft eina lausnin því ekki er krafist atvinnuleyfis á þeim hluta vinnumarkaðarins. Samkeppnin er hins vegar mikil á þeim markaði því margir verkamenn eru í Líbanon frá löndum eins og Sírlandi, Írak, Súdan og Egyptalandi. Innan flóttamannabúðanna eru 35% heimila undir fátæktarmörkum og 15% heimila eru flokkuð undir sem mjög fátæk. Heimili þar sem ekki er karlmaður, en þeir eru yfirleitt fyrirvinnan á palestínskum heimilum, eru líklegust til að vera skilgreind mjög fátæk. Þessi heimili þurfa að treysta algjörlega á félagsaðstoð og börn frá þessum heimilum eru í slæmri stöðu þegar kemur að menntun og heilsu (Ben-Sichou o.fl., 2008, 31).

Í flóttamannabúðunum þéna þeir sem eru í hærri innkomuflokkunum 32% af allri innkomu búðanna en þeir sem eru í lágsta flokknum fáeingöngu 1% af allri innkomu. 20% heimila treysta á félagslega aðstoð sem aðalinnkomu heimilisins. Árið 1982 hætti UNRWA að útvega matarskammta fyrir alla flóttamenn og í staðinn var lögð sérstök áhersla á þá sem höfðu það verst. Sett var á laggirnar áætlun vegna sérstakra erfiðleika (Special Hardship Program, SHC Program). Þær fjölskyldur sem eru skráðar eiga í sérstökum erfiðleikum (special hardship cases) fá matar- og peningaaðstoð og einnig skjól. Einnig fá þær forgang í þau verkefni sem félagsþjónustan sér um, meðal annars starfsnám. Í heildina fá 12% allra palestínskra flóttamanna í Líbanon aðstoð frá SHC (Ben-Sichou o.fl., 2008, 32).

Þær takmarkanir sem settar eru Palestínumönnum þegar kemur að atvinnu- og húsnæðismálum hafa bein áhrif á lífsgæði þeirra. Líbönsk yfirvöld gera allt sem þau geta til að einangra flóttamennina frá líbönsku samfélagi. Fátækt er raunveruleiki meðal margra flóttamanna og skortur á tækifærum á vinnumarkaðinum setur sitt mark á innkomu fjölskyldna flóttamanna.

#### **4.5 Heilsa flóttamannanna**

Palestínumenn í Sírylandi, Jórdaníu og fleiri löndum hafa lengi vel búið að mun betri borgararéttindum en í Líbanon (Nuir, 2010). Flóttamenn í Líbanon hafa ekki aðgang að ríkisreknum spítölum eða heilsugæslu og þess vegna sjá UNRWA, palestínski Rauði hálfmáninn og önnur frjáls félagasamtök um heilsugæslu fyrir Palestínumenn (Ben-Sichou o.fl., 2008, 21).

UNRWA sér um heilsugæslu fyrir flóttamennina án endurgjalds og heldur úti 28 heilsugæslustöðvum fyrir Palestínumenn (UNRWA, 2012). Kostnaður vegna spítalavistar er endurgreiddur af palestínska Rauða hálfmánanum og fæst í gegnum níu einkarekna spítala. Þjónustan sem er í boði snýr að barnsburði, umönnun barna, fjölskylduáformum og eftirliti og forvörnum smitsjúkdóma. Mikið vantar upp á í lækniþjónustu og meðal annars býður heilbrigðisáætlun UNRWA ekki uppá algjöra spítalavist. Sjúkrabílakostnaður, mæðravernd og ákveðnar tegundir aðgerða eins og hjartaskurðaðgerð eða krabbameinsmeðferð eru eingöngu endurgreiddar að hluta til. Kannanir sýna að stórt bil er á milli þeirrar lækniástoðar sem Líbanir hafa aðgang að og þeirrar sem Palestínumenn geta fengið (Ben-Sichou o.fl., 2008, 21).

Þegar skoðaðar eru tölur yfir hversu margir aðspurðra hafa sjúkdóma eða fötlun í tengslum við stríð er greinilegt að sterkt samband er á milli stríðsástands og slæmrar heilsu. Kannanir hafa sýnt fram á að 19% palestínskra flóttamanna í Líbanon þjáist af sjúkdómum í tengslum við stríðsástand og 9% af fötlun. Konur sem búa við fátækt í búðunum eru sérstaklega viðkvæmar fyrir kvíðaröskun og hafa sýnt kvíðaeinkenni í meira mæli en karlmenn. Flóttamennirnir og heilsugæslustarfsmenn telja að tala þeirra sem fá alvarlega sjúkdóma fari hækkandi. Sérstaklega voru nefndir hjarta- og nýrnasjúkdómar, sykursýki, krabbamein og hár blóðþrýstingur (Ben-Sichou o.fl., 2008, 22). Krónísk veikindi/fötlun er algeng hjá Palestínumönnum í Líbanon eða um

68% flóttamanna þar hafa þurft að kljást við króníska kvilla á lífsleiðinni. Þeir krónísku kvillar sem koma helst upp hjá flóttamönnum eru sykursýki, hjartakvillar og hár blóðþrýstingur. Einnig þjást margir af fötlun, svo sem líkamlegri fötlun, augnsjúkdómum og heyrnarskerðingu (Ben-Sichou o.fl., 2008, 22).

Í Líbanon þjást 27% flóttamanna af andlegum kvillum og fullorðnir og eldra fólk í flóttamannabúðunum er í mesta áhættuhópnum hvað það varðar. Þunglyndi og einmanaleiki eru helstu gerðir andlegrar vanlíðunar hjá eldra fólk en þunglyndi er einnig að finna hjá fullorðnum og unglíngum og virðist það skapast af vonleysi um hvað framtíðin ber í skauti sér. Einnig er lyfjamisnotkun og líkamlegur sjálfskaði vandamál hjá þessum hópi (Ben-Sichou o.fl., 2008, 23).

Þegar kemur að andlegri heilsu palestínskra flóttamanna í Líbanon verður að hafa í huga að borgarastyrjöld sem stóð yfir í 15 ár, frá 1975 til 1990, setti mark sitt á alla íbúa Líbanons og flóttamannabúðirnar í landinu voru í stöðugri hættu á þeim tíma. Fjöldamorð voru framin í Shatila-búðunum og mörg ódæðisverk í tengslum við borgarastyrjöldina höfðu slæm áhrif á fólk í búðunum. Flóttamennirnir hafa gengið í gegnum stríðsátök og þær hræðilegu afleiðingar sem fylgja stríði. Einnig hafa lélegar aðstæður í flóttamannabúðunum haft áhrif og sú grunnheilsugæsla sem UNRWA býður upp á er ekki fullnægjandi.

#### **4.6 Ríki innan ríkis**

Árið 2007 hófust átök í Nahr el-Barid flóttamannabúðunum í Norður-Líbanon en þar áttust við líbanski herinn og íslamistar á væng Fatah al Islam. Þessi átök gerðu það að verkum að flóttamannabúðirnar skemmdust verulega og byggingar og uppbygging í búðunum urðu fyrir miklu tjóni (Ben-Sichou o.fl., 2008, 34). Sari Hanafi fjallar um mál Nahr el-Barid flóttamannabúðanna í bókinni *The Lived Reality of Palestinian Refugees in Lebanon*. Hanafi veltir fyrir sér hvers vegna Fatah al Islam-samtökin hafi komið sér fyrir í búðunum í lok júlí 2007 en ári síðar voru samtökin orðin öfgaafli með 200 vopnaða meðlimi. Burtséð frá yfirvöldum þá er það vitað mál að flóttamannabúðir Palestínnumanna í Líbanon eru undantekning (e. *exception*): „a space out of place“ (2010, 1–2).

Í 64 ár hafa svæðin sem flóttamannabúðirnar í Líbanon eru á verið álitin undantekning (e. *exception*) og samkvæmt Hanafi „höndluð sem tilraunastofa fyrir yfirvald og eftirlit“ (2010, 2). Ekki er til staðar eitt valdakerfi en margir aðilar koma að stjórn á svæðunum með mismunandi leiðum og hafa tekið þátt í að gera þetta þessi svæði utangarðs og oft með lagalegum leiðum. Þessir aðilar eru bæði utanaðkomandi og staðbundnir og hafa, á sinn hátt, stjórn yfir svæðinu. Stjórnvöld í landinu, UNRWA, Frelsissamtök Palestínu og stundum smærri samtök sem kenna sig við íslam, hafa tekið sér hlutverk yfirvalda í búðunum (2010, 2). Á meðan forysta Frelsissamtaka Palestínu dvaldi innan flóttamannabúðanna í Líbanon á árunum 1970-1982 var litið á veru samtakanna í Líbanon sem „ríki innan ríkis“ (Ramadan, 2009, 73). Nú í dag þegar sú forysta hefur yfirgefið landið og engin formleg andspyrna er starfandi þar má samt sjá merki um „ríki innan ríkis“. Svæðin sem flóttamannabúðirnar starfa á eru einangruð og í raun ríki undantekningar (e. *exception*).

Með tímanum hafa flóttamannabúðirnar breyst. Uppbyggingin er öðruvísi en hún var í upphafi og í dag eru búðirnar fátæktarhverfi og undir þróað þéttbýlissvæði (e. *underdeveloped urban sprawls*). (Hanafi, 2010, 3). Búðirnar hafa með tímanum orðið líkari þeim fátæktarhverfum sem liggja að þeim og útleið Palestínnumanna sem varað hefur í tugi ára hefur mikil áhrif á uppbyggingu búðanna (Dorai, 2010, 4). Margar kynslóðir af flóttamönnum hafa upplifað líf í útleið og hver kynslóð tengir sína upplifun af búðunum við sögulega og félagslega þætti. Skilin milli flóttamannanna sem dvelja í flóttamannabúðunum og þeirra sem dvelja utan þeirra eru ekki alveg ljós þar sem margir flóttamenn hafa búið utan búðanna og síðar innan þeirra, allt eftir því hvaða úrræði fólk velur á lífsleiðinni (Dorai, 2010, 4). Þrátt fyrir að flóttamannabúðirnar séu einangraðar og utangarðs tengjast þær svæðinu í kring í og eru hluti af því. Daglega ferðast fólk út fyrir eða inn í flóttamannabúðirnar og margir flóttamenn búa innan búðanna en stunda nám eða vinna fyrir utan búðirnar. Fólk stundar verslun og viðskipti, heimsækir ættingja eða nýtir sér þjónustu utan sem innan búðanna og ferðast mikið á milli búðanna og svæðisins í kring í ýmsum erindagjörðum (Dorai, 2010, 5).

Eftir Nahr el Bared átökin og að UNRWA setti af stað áætlun varðandi endurbætur á flóttamannabúðunum (e. *camp improvement initiative*) hafa vestræn ríki og Persflóaríkin boðið UNRWA og yfirvöldum í Líbanon betri efnahagslega aðstoð

(Ben-Sichou o.fl., 2008, 34). Rétt er að geta þess að stærstu fjárframlög til UNRWA komu frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Bandaríkjunum og löndum innan Evrópusamtakanna (Gunnarsdóttir, 2006, 12). Samkvæmt grein Grétu Gunnarsdóttur, sem er yfirmaður greiningardeildar stefnumála hjá höfuðstöðvum UNRWA á Gazaströnd, „UNRWA: assisting Palestine refugees in a challenging environment“ sem birtist í tímaritinu *Forced Migration Review* árið 2006 mun UNRWA, samkvæmt stefnu sinni, halda áfram á þeirri braut að aðstoða flóttamenn frá Palestínu. Gréta segir í greininni að UNRWA ætlist til þess af alþjóðasamfélaginu að það styðji við vinnu samtakanna og geri þannig sitt besta til þess að koma í veg fyrir að slæmt ástand mála á hernumdum svæðum Palestínu og í Líbanon verði verra með tímanum (2006, 12). Sari Hanafi talar um í grein sinni „Palestinian Refugee Camps: Disciplinary Space and Territory of Exception“ að mannúðarlög hafi áður fyrr átt að vernda fólk en nú til dags sé talað um fórnarlömb í samhengi við flóttamenn. Með því að flokka fólk sem fórnarlömb snúist mannúðaraðgerðirnar ekki lengur um réttindi heldur bætur (2008, 5).

Borgarastyrjöld og átök í Líbanon hafa gert það að verkum að mikið óöryggi ríkir meðal íbúa landsins og þá sérstaklega palestínskra flóttamanna. Árið 2006 geisaði stríð í landinu og þá voru 1.110 íbúar Líbanons, flestir óbreyttir borgarar, og 156 íbúar Ísraels, þar af 116 hermenn, drepnir í átökum á milli landanna (Archer, 2006, 4). Á meðan borgararéttindi Palestínnumanna í Líbanon eru ekki bætt mun ástandið aðeins versna hjá þeim. Einnig þarf að bæta samband Palestínnumanna og Líbana og færa samfélögin nær hvor öðru (Ben-Sichou o.fl., 2008, 34). Í Sírylandi og Jórdaníu eru Palestínnumenn ágætlega vel aðlagðir samfélaginu, félagslega og efnahagslega. Þó að Palestínnumenn í Sírylandi hafi ekki sírylenskan ríkisborgararétt og Palestínnumönnum í Jórdaníu sé mismunað í samfélaginu á sumum sviðum eru Palestínnumenn ekki álitnir annars flokks þegnar í þessum löndum. Í Líbanon er það aftur á móti raunin (Ben-Sichou o.fl., 2008, 37).

Líbanon ber skylda til að virða alþjóðlega sáttmála sem yfirvöld í landinu hafa samþykkt, meðal annars alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, alþjóðasamning um afnám alls kynþáttamisréttis og samning um réttindi barnsins, sem ættu að vernda mannréttindi palestínskra flóttamanna. Þrátt fyrir að flóttamenn nytu mannréttinda í því landi sem þeir dveldu, hvort sem það væri í



Líbanon eða í öðrum löndum, þá mundi það ekki hafa áhrif á rétt þeirra til endurkomu til heimalands síns. Flóttamennirnir eiga að hafa aðgang að samfélagsþjónustu og borgararéttindum sem snúa að vinnu, menntun, heilsugæslu og eignarrétti á meðan þeir bíða eftir að snúa til heimalandsins (Elsayed-Ali, 2006, 14).

Síðan 1948 hafa SP árlega staðfest ákvæði sem kveður á um rétt Palestínnumanna til endurkomu. Það hafa verið viðræður um tveggja ríkja lausn, ríki Ísrael og ríki Palestínu, en þær viðræður hafa ekki tekið til greina réttindi palestínkra flóttamanna til endurkomu til Palestínu. Þetta er ekki spurning um landsvæði, því það er nóg rými fyrir flóttamennina á svæðinu og daglega koma til Ísrael innflytjendur frá öðrum löndum. Það er rými fyrir þá sem „hafa rétt á endurkomu“ (Bisharat, 2003).

Það er erfitt að ímynda sér einhverskonar skaðabætur frá Ísrael til palestínkra flóttamanna þegar hlutirnir eru enn í óvissu fyrir þá sem búa í flóttamannabúðunum. Þó hafa virtir fræðimenn og stjórnámálmenn í Ísrael lagt til að hluti af þeim sjóðum sem fórnarlömb helfararinnar fengu frá Þýskalandi og Sviss yrði notaður í skaðabætur fyrir palestínska flóttamenn. Samningar við Þýskaland um skaðabætur fyrir fórnarlömb helfararinnar náðust fljótlega eftir tap Þýskalands í seinni heimstyrjöldinni og samningar við önnur lönd voru gerðir seinna (Finkelstein, 2001). Robert Fisk talar um í bók sinni *Pity the Nation* hversu mikilvægt það er að tala um helför gyðinga og þá tugi ára sem Palestínnumenn hafa lifað í útleið og við harðræði í Ísrael/Palestínu í samhengi. Eins og Fisk sýnir fram á er það ferli sem átti að vera ljósið í myrkrinu fyrir eftirlifendur helfararinnar orðið að kúgun á Palestínnumönnum. Hið helga land Ísrael varð að ríki þar sem aðskilnaðarstefna viðhefst og því miður hefur Líbanon einnig notað þá stefnu þegar kemur að flóttamönnum frá Palestínu.

## 5 Heimsókn í Shatila-flóttamannabúðirnar

Í þessum kafla mun ég fjalla um vettvangsrannsókn sem ég gerði um miðjan janúar 2012 í einum af flóttamannabúðum Palestínnumanna, Shatila, og Sabra, sem er hverfi í kringum flóttamannabúðirnar. Shatila-flóttamannabúðirnar eru staðsettar í Beirut. Ég heimsótti einnig palestínska stofnun, Beit Atfal Assumoud, sem sér um ýmis félagsleg mál í flóttamannabúðunum.

Ég dvaldi í Líbanon haustið 2011-2012 og hafði áhuga á að heimsækja flóttamannabúðir Palestínnumanna í Beirut og þá sérstaklega Shatila-búðirnar. Eftir að hafa haft samband við þrjá starfsmenn UNWRA var mér bent á að hafa samband við félagsamtök sem starfa í búðunum. Ég sendi út nokkra tölvupósta en þegar ekkert svar kom hringdi ég í Beit Atfal Assumoud, sem eru ein þeirra samtaka sem starfa í flóttamannabúðum í Líbanon. Þau buðu mér að koma á skrifstofur þeirra í Sabra, sem ég og gerði daginn eftir ásamt nokkrum vinum. Í byrjun dagsins hittum við forstöðukonu samtakanna, eldri konu sem tók vel á móti okkur. Hún ræddi við okkur á mjög opinskáan hátt um flóttamannabúðirnar. Hún hafði starfað fyrir stofnunina í meira en tvo áratugi og flestir starfsmenn samtakanna virtust vera Palestínnumenn sem höfðu alist upp í búðunum. Ég sagði henni frá því að ég væri að skrifa BA-ritgerð um palestínskar flóttamannabúðir og hefði áhuga á að skoða Shatila. Hún sagði að þau mundu aðstoða mig og sagði okkur frá því í hvaða flóttamannabúðum samtökin væru með starfsemi, sögu samtakanna og hvernig þau vildu hafa áhrif á líf íbúanna í búðunum. Þar sem UNRWA sjá aðeins um almenna heilsugæslu sér enginn aðili um kynfræðslu, heilsugæslu í sambandi við geðheilsu, tannfræðslu fyrir börn og foreldra þeirra og svo framvegis, en Beit Atfal Assumoud samtökin hafa reynt að koma til móts við þessa þörf. Einnig hafa samtök eins og Beit Atfal Assumoud stofnað leikskóla þar sem UNRWA býður ekki upp á leikskólaþjónustu.

Eftir spjallið fékk forstöðukonan ungan mann til að fylgja okkur í félagsmiðstöð Beit Atfal Assumoud í Shatila. Þegar við kvöddum forstöðukonuna hafði hún á orði eitthvað á þá leið að nú gætum við séð ástand þjóðar sinnar sem greinilega hafði gert eitthvað á hlut guðs. Hún kvaddi okkur með brosi og við fórum áleiðis að flóttamannabúðunum. Þegar við komum í húsið þar sem miðstöðin er tóku á móti okkur konur sem starfa þar. Við skoðuðum húsið, okkur var sagt frá

leikskólastarfseminni og sáum myndir frá starfi þeirra í búðunum. Félagssráðgjafi að nafni Ashwak bauðst til að sýna okkur búðirnar og við röltum með henni um svæðið. Eftir að hafa séð hluta búðanna snérum við til baka í miðstöðina og settumst þar niður og ræddum við konurnar um starfsemina. Ashwak bauðst til að sýna okkur byggingar annars staðar á svæðinu. Þangað fórum við ásamt þremur Norðmönnum sem voru í starfsþjálfun í félagssráðgjöf. Eftir þá ferð snérum við til baka í miðstöðina, nánartiltekið í hús við hliðina á því húsi þar sem meginstarfsemin fer fram, og þar var að byrja heimavinnuaðstoð sem við fengum að fylgjast með og hitta börnin sem koma þangað daglega.

Í samræðum við Ashwak ræddum við um hvernig þeir flóttamenn sem búa í Shatila komu til Líbanon árið 1948. Eðli málsins samkvæmt eru flestir íbúar búðanna í dag afkomendur þeirra ásamt þeim af upprunalegu flóttamönnunum sem enn eru á lífi. Í Shatila búa um 17.000 manns og eru það ekki aðeins Palestínumenn heldur einnig Líbanir og fólk af fleiri þjóðernum. Búðirnar hafa með tímanum orðið líkari fátækrahverfi og því hafa utanaðkomandi aðilar flutt þangað, til dæmis fólk sem býr við fátækt og sér búðirnar sem skárri valkost en margt annað. Ashwak taldi að um 7000 íbúanna væru af öðru þjóðerni eða um 40% íbúafjöldans í Shatila. Í hverfinu í kringum Shatila, Sabra, búa einnig Palestínumenn sem hafa flutt þangað frá búðunum. Ashwak sagði mér frá því að mikið flæði væri á milli Shatila og Sabra og þrátt fyrir ákveðin skil á milli búðanna og svæðisins utan við þær eru þau óljós þegar kemur að daglegu lífi. Þegar við röltum um Sabra hverfið eftir að hafa skoðað Shatila-búðirnar var greinilegt að því lengra sem við fjarlægðumst búðirnar var húsnæðið í hverfinu í betra ástandi, séð að utan.

Við settumst niður með starfsmönnum miðstöðvarinnar og Norðmennirnir þrír voru einnig viðstaddir. Þegar við ræddum við starfskonurnar kom í ljós að hjá þeim starfar tannlæknir, sem var ekki viðstaddur, en hann sinnir tannviðgerðum barna og forvörnum. Viðstaddar á fundinum voru sjö konur, ein af þeim er hjúkrunarfræðingur sem vinnur með tannlækninum og hinar sinna störfum sem leikskólakennarar og félagssráðgjafar. Þær voru á aldrinum frá tvítugu til fimmtugs, ein af þeim sem sinni leikskólakennslu hafði verið skjólstaðingur félagssráðgjafa sem starfaði hjá

stofnuninni og með tímanum fékk hún áhuga á að starfa fyrir miðstöðina. Starfsmennirnir voru tólf talsins, tannlæknir, hjúkrunarfræðingur, tvær hreingerningakonur, þrjár félagsráðgjafar og fimm leikskólakennarar.

Eftir að hafa hitt Ashwak í miðstöðinni fór hún með okkur um búðirnar og sagði okkur frá sögu og daglegu lífi búðanna. Hún heitir fullu nafni Ashwak Alshaabi og er fædd í búðunum en afi hennar flúði/var hrakinn frá Palestínu árið 1948. Hún hefur starfað hjá samtökunum í 22 ár. Á göngu okkur mátti sjá mörg merki um hvernig pólitísk öfl innan flóttamannabúðanna viðhalda þjóðarvitund íbúanna. Víða voru fánar, stór veggspjöld og áletraðir borðar. Veggspjöld með andliti Yassir Arafat, fyrrum leiðtoga Frelsissamtaka Palestínu (PLO), voru á mörgum stöðum og einnig veggspjöld með andlitum ungra manna sem höfðu gerst píslarvottar fyrir málstað Palestínu.

Eftir að hafa skoðað götur búðanna drukkum við te með starfskonunum og ræddum við þær um lífið í búðunum. Ashwak tók okkur síðan með sér í göngu um svæði þar sem svokölluð Gazabygging stendur. Með í för voru Norðmennirnir og einn af leikskólakennurunum. Byggingin hafði verið byggð sem spítali og átti að þjóna þeim tilgangi en það breyttist þegar fjöldamorð voru framin í búðunum í september 1982. Þá var hætt við áform um spítala og fjölskyldur sem misst höfðu heimili sín í fjöldamorðunum settust að í byggingunni ásamt öðru fólki úr búðunum. Ashwak hafði á orði að fyrir fjöldamorðin 1982 hafa lífið í Shatila verið mun blómlegra og ástandið hafi verið mun betra þá en það er í dag. Um 100 manns búa í Gazabyggingunni og hefur hver fjölskylda eitt herbergi til ráðstöfunar. Rétt hjá þessari byggingu er önnur bygging þar sem einu sinni var starfræktur spítali en í dag hefur fólk sest þar að með fjölskyldur sínar. Við fórum einnig inn í tvær aðrar byggingar rétt hjá og skoðuðum þær. Þar voru íbúðir sem voru í mun betra ástandi en það sem mátti sjá í spítalabyggingunum. Við fengum að litast um í íbúð sem hafði verið gerð upp. Fjölskyldan sem bjó þar hafði keypt íbúðina og sá aðili sem seldi þeim íbúðina hafði séð um endurbætur á henni. Þegar við fórum í leiðangur til að skoða gömlu spítalabyggingarnar komum við á fyrstu hæð í einni byggingunni þar sem Ashwak sagði að væri heilsugæsluástaða sem norsk félagsamtök hefðu sett á laggirnar. Við

fyrstu sýn virtist þetta vera tóm tómt húsnæði en Ashwak ræddi við konu sem var stödd þar og sagði hún að lækna kæmu þangað við og við og sinntu lækniaðstoð.

Eftir að hafa skoðað byggingarnar snérum við aftur í miðstöðina og hittum krakka á aldrinum 7–9 ára sem voru mætt í heimavinnuástoð. Við fylgdumst með kennslustund en þar voru fjórar stúlkur og sjö drengir ásamt kennara sínum og aðstoðarkennara. Aðstoðarkennarinn var ungur maður frá Berlín að nafni Till. Hann var að sinna starfsnámi í tengslum við nám sitt í arabískum fræðum. Till talaði við börnin og kennarann á arabísku og aðstoðaði börnin við námið á þeirra tungumáli. Börnin töluðu ekki ensku en voru með kennslubækur í ensku og lásu fyrir okkur uppúr þeim. Þau höfðu lært að þylja textann en þegar við spurðum þau út í hann eða reyndum að ræða við þau gátu þau ekki svarað á ensku.

Rétt eftir að kennslustundin í heimalærdómnum byrjaði fór rafmagnið af og næsta einn og hálfan klukkutíma höfðu börnin kertaljós við lærdóminn. Rétt áður en við yfirgáfum kennslustofuna kom rafmagnið aftur á. Í Líbanon fer rafmagnið af í þrjá tíma á sólarhring og rafmagnsleysi er reglulegt. Í Shatila fer rafmagnið aftur á móti af í um það bil 12 tíma á sólarhring og rafmagnsleysið er ekki reglulegt. Kennarinn sagði að það væri mjög algengt að rafmagnið færi af í kennslustund og börnin væru von þessu bæði þar og heima við. Stúlkurnar voru mjög áhugasamar um námið í tímanum en strákarirnir voru mjög uppteknir af því að gestir væru mættir á staðinn. Þeir vildu skoða myndavélarnar okkar og þegar einn úr hópnum tók mynd af þeim vildu allir láta taka mynd af sér. Strákarnir stilltu sér upp og voru mjög glaðir að fá þessa auka athygli.

Þegar við heimsóttum leikskólann fyrr um daginn voru engin börn á staðnum en miðstöðin var full af iðnaðarmönnum þar sem endurbætur voru í gangi á efstu hæð hússins. Húsið er á þremur hæðum. Á fyrstu hæðinni er tannlæknastofa og skrifstofur, á annarri hæð eru skrifstofa og tvö herbergi sem notuð eru undir leikskólastarf, og á þriðju hæðinni er herbergi sem notað er undir leikskólastarf og einnig herbergi sem hafði verið notað undir frístundir. Um 90 börn sækja leikskólann og þeim er skipt niður í herbergin þrjú eftir aldri; þriggja, fjögurra og fimm ára. Ashwak talaði um að

sum barnanna kæmu á eigin vegum í leikskólann. Ég var ekki alveg viss um hvað hún átti við þegar hún sagði „á eigin spýtur“ og spurðist því betur fyrir um það í tölvupósti sem ég sendi til hennar. Sumar fjölskyldur sem félagsráðgjafarnir höfðu umsjón með áttu börn í leikskólanum. Allir þeir einstaklingar og fjölskyldur sem voru skjólstaðingar stofunarinnar höfðu haft samband við þau að fyrra bragði. Ashwak talaði um að einn grunnskóli á vegum UNRWA væri í boði fyrir börn í búðunum á aldrinum sex ára og uppúr en hins vegar rækju frjáls félagsamtök fjóra eða fimm leikskóla á svæðinu.

Það rigndi mikið þennan dag sem við heimsóttum búðirnar og sumir höfðu á orði að við hefðum átt að koma að sumri til. Við sáum hins vegar hvernig fólk þurfti að eiga við aðstæður við slæm skilyrði. Götturnar voru ekki uppá sitt besta, þegar leið á daginn safnaðist vatn á þær og í lok dagsins var allt á floti þannig að vaða þurfti í gegnum stóra polla. Drykkjarvatn er af skornum skammti í búðunum og við skoðuðum sérstaka verslun sem sér um drykkjarvatnið. Rafmagn er einnig af skornum skammti og rafmagnslínur eru lagðar út um allt. Ashwak hafði orð á því að fólk þyrfti að verða sér sjálft út um rafmagn og því væru þessar rafmagnssnúrur alls staðar.

Þegar við sátum á kaffistofunni og ræddum um lífið í búðunum kom til tals hvernig fólk í búðunum sér sig í líbönsku samhengi. Palestínunönnum er ekki leyft að vinna í ríkisgeiranum eins og áður segir og þegar kemur að einkageiranum hafa til dæmis menntaðir læknar sem koma úr búðunum ekki leyfi til að starfa í einkageiranum. Fólk getur opnað sína eigin stofu eða fyrirtæki í búðunum en það eru ekki margir sem hafa fjármagn til þess, svo að í flestum tilfellum starfar fólk við eitthvað allt annað en hæfir menntun þeirra. Þegar við röltum um svæðið fyrr um daginn benti Ashwak mér á mann sem var að selja tómata og sagði að hann væri háskólagenginn en hefði framfærslu sína af sölu grænmetis. Hún hafði sjálf gengið í háskóla og fengið tækifæri til að vinna í tengslum við nám sitt hjá samtökunum. Við ræddum um hvernig konurnar hjá samtökunum sjá framtíð sína og hvort þær hefðu áhuga á að gerast líbanskir ríkissborgarar ef það yrði mögulegt í framtíðinni. Ashwak sagði að það væri ekki vilji þeirra. Þær væru frá Palestínu en ekki Líbanon. Á þeim tímapunkti spurði ég hvort þær gerðu ráð fyrir að flóttamennirnir snéru til baka til Palestínu og Ashwak

sagði að auðvitað væri það framtíðarsýn þeirra. Hún sagði að ekki væri mikilvægast að hún lifði þann dag heldur afkomendur hennar. Fólk elur börnin sín upp í þeirri von og trú að þau muni snúa til baka og ef það verður ekki á þeirra líftíma verða það börnin, barnabörnin eða barnabarnabörnin sem snúa til baka til Palestínu. Konurnar voru mjög áhugasamar um að ræða við okkur og sýna okkur búðirnar. Ég býst við að flóttamennirnir vilji að umheimurinn viti hvað á sér stað í þessum hluta heimsins. Líbanir sýna þeim lítinn áhuga og fáir almennir borgarar í Líbanon hafa komið í Shatila en þó hafa allir skoðanir á flóttamannabúðunum. Þetta er álitid „slum“ vandamál sem þarf að leysa en fáir vilja sjá.

Fyrir heimsókn mína í Shatila-flóttamannabúðirnar hafði ég ákveðnar hugmyndir um hvernig ástandið þar væri útfrá þeirri heimildarvinnu sem ég hafði unnið í sambandi við ritgerðina. Þegar ég fékk svo tækifæri til að heimsækja Shatila virtust aðstæður, við fyrstu sýn, vera skárri en ég hafði ímyndað mér. Þegar leið á daginn og við höfðum séð flóttamannabúðirnar og skoðað húsnæði betur að innan þá gat maður séð hversu slæmar aðstæðurnar eru hjá mörgum íbúum Shatila. Þegar fór að rigna seinna um daginn sá ég líka hvernig svæðið er ekki nógu vel búið fyrir miklar breytingar í veðráttu. Áður en ég heimsótti Shatila hafði ég dvalið í nokkra mánuði í Líbanon og var þetta í annað skipti sem ég ferðaðist þangað. Á meðan ég dvaldi í Beirút, hafði ég skoðað ýmis hverfi í borginni og mörg þeirra voru álíka og Sabra hverfið. Shatila hins vegar skar sig verulega úr vegna þéttbýlis húsa og að flest húsin voru í mjög slæmu ástandi. Þegar ég ræddi við starfskonur Beit Atfal Assumoud var ég ekki viss um hvernig ég ætti að koma inn í samræðuna hugmyndum um hugsanlega heimkomu þeirra til Palestínu. Ég reyndi að orða það þannig að ég væri ekki að spyrja þær hvort þær tryðu því í raun að þær mundu snúa til baka til Palestínu heldur hvaða hugmyndir þær hefðu um heimkomu. Svar Ashwak var mjög áhugavert þar sem hún sagði í raun að Palestínumenn mundu snúa til baka til síns heimalands en ef til vill yrði það ekki fyrr en á tíma barnabarnabarna hennar. Ég hafði samband við Ashwak í gegnum tölvupóst eftir heimsóknina en hef ekki enn fengið svar frá henni. Ég hyggst heimsækja Beirút í haust og ætla þá að eyða degi í Shatila og vonandi get ég þá fylgst með áframhaldandi starfi Beit Atfal Assumoud.

## 6 Niðurstöður

Í þessari ritgerð vildi ég skoða hvernig pólitísk, efnahagsleg og félagsleg einangrun birtist í samfélagi palestínskra flóttamanna í Líbanon og hvernig þessi einangrun hefur haft áhrif á og skapað sjálfsmynd flóttamanna. Fjórar kynslóðir Palestínumanna hafa búið í landinu en afkomendur flóttamanna sem komu til Líbanon árið 1948 fæddust í flóttamannabúðunum í Líbanon og hafa aldrei stigið fæti inn í Palestínu. Þrátt fyrir það virðist Palestína vera eina heimalandið sem þessir afkomendur samsama sig við. Til þess að öðlast heildarsýn á stöðu Palestínumanna í Líbanon skoðaði ég hvernig pólitísk framganga í landinu hefur haft áhrif á flóttamennina, hvaða borgararéttinda þeir njóta og hvar sé skortur á þeim og hver sé félagsleg staða Palestínumanna innan almenns samfélags í Líbanon.

Eins og fram kom í umfjöllun minni um brottför Palestínumanna frá heimahögum sínum er greinilegt að stjórnvöld í Ísrael hafa markvisst rekið Palestínumenn frá sínu landi og haldið þeim fyrir utan það landsvæði í 64 ár. Stjórnvöld í Ísrael byggja stefnu sína gagnvart Palestínumönnum á reglugerðum sem mismuna þeim og gera þá útlæga. Ég tel að stjórnvöld í Líbanon byggji stefnu sína einnig á mismunun sem gerir Palestínumenn einangraða og útlæga úr líbönsku samfélagi. Það er viðhorf stjórnvalda að Palestínumenn muni aðeins dvelja í Líbanon tímabundið þrátt fyrir að liðin séu 64 ár síðan flóttamennirnir komu til landsins. Með reglugerðum og lögum hafa stjórnvöld í Líbanon svipt Palestínumenn mannréttindum sínum og gert þá að annars flokks þegnum. Vegna sérstöðu þeirra sem flóttamenn án ríkisfangs er auðvelt fyrir stjórnvöld í Líbanon að hlunnfara réttindi Palestínumanna. Sú staðreynd að flóttamenn fá ekki lagalega vernd í landinu setur þá í slæma stöðu gagnvart öðrum borgararéttindum. Þær takmarkanir sem settar eru Palestínumönnum þegar kemur að menntun hafa enn fremur bein áhrif á atvinnu- og húsnæðimál. UNRWA sér um menntun en Palestínumenn eiga hins vegar erfitt með að nýta sér hana þar sem takmarkanir á vinnumarkaði eru miklar þegar kemur að þeim. Þær takmarkanir sem settar eru Palestínumönnum þegar kemur að atvinnu- og húsnæðismálum hafa síðan bein áhrif á lífsgæði þeirra. Líbönsk yfirvöld gera allt sem þau geta til að einangra flóttamennina frá líbönsku samfélagi. Fátækt er raunveruleiki meðal margra flóttamanna og skortur á tækifærum á vinnumarkaðnum setur sitt mark á innkomu fjölskyldna flóttamanna. Flóttamennirnir hafa einnig gengið í gegnum stríðsátök



og í þær hræðilegu afleiðingar sem fylgja stríði. Átökin hafa haft alvarlegar afleiðingar á heilsu flóttamanna og einnig hafa lélegar aðstæður í flóttamannabúðunum haft áhrif en sú grunnheilsugæsla sem UNRWA býður upp á er ekki fullnægjandi til að viðhalda góðri heilsu flóttamanna. Það er stigsmunur á aðstæðum innan flóttamannasamfélagsins og þeir búa við mismunandi lífsgæði. Flóttamenn án skilríkja standa verst þegar kemur að réttindum flóttamanna í Líbanon en þeir eru án félagslegrar aðstoðar og hafa orðið utangarðs í flóttamannasamfélaginu.

Pólitísk öfl Palestínumanna hafa sett mark sitt á framgang mála í flóttamannabúðunum í gegnum árin og haldið uppi hugmyndafræðinni um endurkomu til Palestínu. Vera Frelsissamtaka Palestínu í Líbanon hafði mikil áhrif á sögu landsins og flóttamennina. Einnig hefur fráhrarf samtakanna haft áhrif á flóttamannabúðirnar og formleg andspyrna Palestínumanna í Líbanon liggur niðri í dag. Nú þegar helstu pólitísk öfl Palestínumanna í Líbanon hafa verið gerð útlæg og vopnuð andspyrna Palestínumanna liggur niðri halda Palestínumenn þó enn uppi félags- og efnahagslegum stofnunum sem blómstruðu á tíma Frelsissamtakanna.

Palestínumenn hafa lifað áratugi af óvissu, sveiflukennndri hugmyndafræði og óöryggi. Þrátt fyrir þetta er sú von að flóttamennirnir muni snúa til baka til heimalands síns Palestínu mjög sterk. Eins og kom fram í frásögn minni af vettvangsrannsókn í Shatila flóttamannabúðunum er það trú flóttamanna að heimkoman muni eiga sér stað en félagsráðgjafinn Ashwak sagði að ef til vill yrði það ekki raunin á hennar líftíma en þá yrði það bara seinna á tíma barna hennar eða barnabarna. Fyrir Palestínumenn er spurningin því ekki hvort heldur hvenær sú stund kemur. Palestínumenn hafa verið einangraðir frá almennu samfélagi í Líbanon og þess vegna finna þeir fyrir litlum tengslum við líbanskt samfélag. Fólk heldur enn í lykla að húsum sínum í þeirri von að snúa aftur til Palestínu. Flestir sem flúðu árið 1948 héldu að þetta yrði eingöngu tímabundið en núna eru liðin 64 ár og margir hafa aldrei snúið til baka og látið lífið í búðunum. Börn þeirra telja það vera sitt hlutverk að endurheimta heimili sín og foreldra sinna, föðurland og einkenni. Sjálfsmynd Palestínumanna er brotin að vissu leyti en allt sem leiðir þá að endurkomunni til heimalandsins getur bætt það sem brotið hefur verið niður.

Það er augljóst að viðamikil viðhorfsbreyting verður að eiga sér stað hjá almenningi og stjórnvöldum í Líbanon til að mannréttindi flóttamannanna verði virt, niðurrífsstefna stjórnvalda í málefnum Palestínumanna í Líbanon endi og ný stefna sem fer eftir alþjóðlegum samningum verðitekin upp. Palestína hefur með tímanum orðið baráttumál margra, einskonar hugmyndafræði og talið er af mörgum að Palestína sé gott dæmi um kúgun sem verður að brjóta niður og krefjast réttlætis en spurningin er hvort réttlæti muni í framtíðinni verða raunin í málum Palestínumanna í Líbanon.

Palestine is an ideology. It developed while time passed. It doesn't have anything to do with the land, the people and the camp anymore. It's more...It's an idea. I don't know what to say, but it's more a dream. Palestine is a dream - Sharif from Mar Elias Camp, Beirut - Lebanon (A-films, 2010).

## Heimildir:

- A-films. (2006, apríl 10). Palestinian refugees in Lebanon: Fragments from Palestinian refugee camps in Lebanon. <http://a-films.blogspot.com/2007/01/palestinian-refugees-in-lebanon.html>
- Archer, T.C. (2006). Lebanon: Civilians pay the price [rafræn útgáfa]. *Forced Migration Review*, 26, 4.
- Ben-Sichou, J.C. Imad, M. Relleen-Evans, K. & Robyns, A. (2008). *The Status and Situation of Palestinian Refugees in Lebanon – A Review of Current Documentation*. Beirut: European Commission – Humanitarian Aid & Civil Protection.
- Bisharat, George (2003). *Right of Return: Two State Solution Again Sells Palestinians Short*. Los Angeles: Los Angeles Times.
- Center for Palestine Studies: Middle East Institute, Columbia University (2012). *Center for Palestine Studies*. Skoðað 15. nóvember 2011 á <http://www.columbia.edu/cu/palestine/>
- Documentarymasterisa. (2008, júní 6). *Beirut to Bosnia: Muslims & The West*. <http://www.youtube.com/watch?v=GU8R0zPfagU&feature=related>
- Dorai, M.K. (2010). Palestinian Refugee Camps in Lebanon; Migration, Mobility and the Urbanization Process [rafræn útgáfa]. Í A. Knudsen & S. Hanafi (ritstj.), *Palestinian Refugees, Identity Space and Place in the Levant* (bls. 67–80).
- Eldar Ástþórsson (2006). *Vondar fréttir frá Palestínu?* Skoðað 2. Maí 2012 á vef Félagsins Ísland-Palestína: <http://www.palestina.is/gamalt/greinar/archive/grein30.htm>
- Elsayed-Ali, S. (2006). Palestinian refugees in Lebanon [rafræn útgáfa]. *Forced Migration Review*, 26, 13-14.
- Finkelstein, Norman G. (2001): Palestinian Refugees and their Right of Return. Naseer Aruri (ritstj.), *Lessons of Holocaust Compensation*. London: Pluto Press.
- Fisk, R. (1990). *Pity The Nation; Lebanon At War*. Oxford: Oxford University Press.
- Ghannoushi, Soumaya. (2011). *The Propagation of Neo-Orientalism*. Skoðað 1. Október 2011 á vef Al Jazeera English: <http://www.aljazeera.com/indepth/opinion/2011/01/201112611591745716.html>
- Gunnarsdóttir, G. (2006). UNRWA: Assisting Palestine refugees in a challenging environment [rafræn útgáfa]. *Forced Migration Review*, 26, 10–12.

- Halabi, Zeina. (2004). Environment and Urbanization [rafræn útgáfa] (16:39). Í *Exclusion and identity in Lebanon's Palestinian refugee camps: a story of sustained conflict* (bls. 40–42). Sage Publications.
- Hanafi, Sari. (2010). Palestinian Refugee Camps in Lebanon: Laboratory of Indocile Identity Formation [rafræn útgáfa]. Í M.A. Khalidi (ritstj.), *The Lived Reality of Palestinian Refugees in Lebanon* (bls. 1-25).
- Hanafi, Sari. (2008). *Palestinian Refugee Camps: Disciplinary Space and Territory of Exception* [rafræn útgáfa]. San Domenico di Fiesole, Italy: Robert Schuman Centre for Advanced Studies, European University Institute.
- Nuir, J. (2010). *Lebanon grants Palestinian refugees right to work*. Skoðað 1. Október 2011 á vef BBC News: <http://www.bbc.co.uk/news/world-middle-east-11004945>
- Pettrigh, C. (2006). No freedom, no future: undocumented Palestinian refugees in Lebanon. *Forced Migration Review*, 26, 15–16.
- Ramadan, Adam. (2009). *A Refugee Landscape: Writing Palestinian nationalism in Lebanon*, *ACME* 8(1), 70–73.
- Rempel, T.M. (2006). Who are Palestinian Refugees? *Forced Migration Review*, 26, 5–7.
- Shiblak, A. (2006). Stateless Palestinians. *Forced Migration Review*, 26, 8–9.
- UNRWA (2010). *Lebanon*. Skoðað 15. Mars 2012 á <http://www.unrwa.org/etemplate.php?id=65>
- (a)UNRWA (2011). *Palestine Refugees: a special case*. Líbanon: UNRWA.
- (b)UNRWA (2011). *Education: Better schools, brighter future*. Líbanon: UNRWA.
- UNRWA (2012). *UNRWA: Fields of operation*. Líbanon: UNRWA.
- Utanríkisráðuneytið (2007). *Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu*. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.